



Ímyndarskýrsla Vesturlands 2023

Háskólinn á Bifröst

Rannsóknarstofnun í byggða- og sveitarstjórnarmálum

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST

Maí 2023

ISSN: 2988-8476

Bjarki Pór Grönfeldt

Vífill Karlsson

1. Efnisyfirlit

1.	Efnisyfirlit	2
2.	Tölur	4
3.	Myndir	4
4.	Inngangur	8
5.	Framkvæmd og úrvinnsla	8
6.	Hvað tengir fólk helst við Vesturland og svæði innan þess?	10
	Vesturland sem heild	11
	Akranes og nágrenni	13
	Borgarfjörður	16
	Snæfellsnes	19
	Dalir	21
	Samantekt	25
7.	Viðhorf til búsetu á Vesturlandi	27
	Það gæti komið til álita fyrir mig að búa á Vesturlandi	27
	Akranes og nágrenni	29
	Borgarfjörður	29
	Snæfellsnes	32
	Dalir	33
	Samantekt	36
8.	Ímynd Vesturlands tengd búsetu	37
	Akranes og nágrenni	37
	Borgarfjörður	43
	Snæfellsnes	48
	Dalir	51
	Samantekt	56
9.	Ímynd Vesturlands tengd ferðamennsku	57
	Akranes og nágrenni	57
	Borgarfjörður	63
	Snæfellsnes	72
	Dalir	82
	Ferðalag um Vesturland	93
	Samantekt	96
10.	Ímynd Vesturlands sem samfélags	98

Ímynd Vesturlands heilt yfir.....	98
Opið samfélag.....	100
Fjölbreytni	101
Ungt fólk	103
Samantekt	107
11. Samantekt á helstu niðurstöðum.....	108

2. Töflur

Tafla 1: Vesturland sem búsetuvalkostur	27
Tafla 2: Ímynd Akraness og nágrennis tengd búsetu	37
Tafla 3: Ímynd Borgarfjarðar tengd búsetu	43
Tafla 4: Ímynd Snæfellsness tengd búsetu	48
Tafla 5: Ímynd Dala tengd búsetu	51
Tafla 6: Ímynd Akraness og nágrennis tengd ferðamennsku	57
Tafla 7: Ímynd Borgarfjarðar tengd ferðamennsku	63
Tafla 8: Ímynd Snæfellsness tengd ferðamennsku	72
Tafla 9: Ímynd Dala tengd ferðamennsku	82

3. Myndir

Mynd 1: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Vesturland er nefnt? N=1230	11
Mynd 2: Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Vesturland? N=1145	12
Mynd 3: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Vesturland, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=708	13
Mynd 4: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Akranes er nefnt? N=1227	14
Mynd 5: Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Akranes? N=1150	15
Mynd 6: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Akranes, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=717	16
Mynd 7: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Borgarfjörður er nefndur? N=1224	17
Mynd 8: Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Borgarfjörð? N=1167	18
Mynd 9: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Borgarfjörð, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=584	19
Mynd 10: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Snæfellsnes er nefnt? N=1231	20
Mynd 11: Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Snæfellsnes? N=1174	20
Mynd 12: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Snæfellsnes, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=593	21
Mynd 13: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Dalir eru nefndir? N=1038	22
Mynd 14: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Dalir eru nefndir? N=931	23
Mynd 15: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Dali, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=525	24
Mynd 16: „Ég gæti hugsað mér að búa á Akranesi“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	29
Mynd 17: „Ég gæti hugsað mér að búa í Borgarfirði“ greint eftir búsetu.	30
Mynd 18: „Ég gæti hugsað mér að búa í Borgarfirði“ greint eftir aldri.	31
Mynd 19: „Ég gæti hugsað mér að búa í Borgarfirði“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	31
Mynd 20: „Ég gæti hugsað mér að búa á Snæfellsnesi“ greint eftir kyni.	32
Mynd 21: „Ég gæti hugsað mér að búa á Snæfellsnesi“ greint eftir aldri.	32
Mynd 22: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir landshluta3.	33
Mynd 23: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir landshluta7.	34
Mynd 24: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir kyni.	34
Mynd 25: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir aldri.	35
Mynd 26: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	35
Mynd 27: „Ásýnd svæðisins er góð [Akranes]“ greint eftir aldri.	38
Mynd 28: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Akranes]“ greint eftir landshluta3.	39
Mynd 29: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Akranes]“ greint eftir landshluta7.	39
Mynd 30: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Akranes]“ greint eftir kyni.	40
Mynd 31: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Akranes]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	40

Mynd 32: „Góður staður til að ala upp börn [Akranes]“ greint eftir landshluta3.	41
Mynd 33: „Góður staður til að ala upp börn [Akranes]“ greint eftir aldri.	42
Mynd 34: „Ásýnd svæðisins er góð [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.	44
Mynd 35: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.	44
Mynd 36: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Borgarfjörður]“ greint fyrri búsetu á Vesturlandi.	45
Mynd 37: „Góður staður til að ala upp börn[Borgarfjörður]“ greint landshluta7.	45
Mynd 38: „Góður staður til að ala upp börn[Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.	46
Mynd 39: „Góður staður til að ala upp börn[Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	47
Mynd 40: „Ásýnd svæðisins er góð [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta3.	49
Mynd 41: „Ásýnd svæðisins er góð [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta7.	49
Mynd 42: „Ásýnd svæðisins er góð [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.	50
Mynd 43: „Ásýnd svæðisins er góð [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta3.	50
Mynd 44: „Ásýnd svæðisins er góð [Dalir]“ greint eftir landshluta3.	52
Mynd 45: „Ásýnd svæðisins er góð [Dalir]“ greint eftir landshluta7.	52
Mynd 46: „Ásýnd svæðisins er góð [Dalir]“ greint eftir aldri.	53
Mynd 47: „Góður staður til að ala upp börn [Dalir]“ greint eftir landshluta3.	54
Mynd 48: „Góður staður til að ala upp börn [Dalir]“ greint eftir landshluta7.	54
Mynd 49: „Góður staður til að ala upp börn [Dalir]“ greint eftir kyni.	55
Mynd 50: „Góður staður til að ala upp börn [Dalir]“ greint eftir aldri.	55
Mynd 51: „Þar er mikið af náttúruþerlum [Akranes og nágrenni]“ greint eftir kyni.	58
Mynd 52: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Akranes og nágrenni]“ greint eftir aldri.	58
Mynd 53: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Akranes og nágrenni]“ greint eftir kyni.	59
Mynd 54: „Þar er oft gott veður [Akranes og nágrenni]“ greint eftir landshluta7.	60
Mynd 55: „Þar er oft gott veður [Akranes og nágrenni]“ greint eftir kyni.	60
Mynd 56: „Þar er oft gott veður [Akranes og nágrenni]“ greint eftir aldri.	61
Mynd 57: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Akranes og nágrenni]“ greint eftir aldri.	62
Mynd 58: „Gott úrval af veitingastöðum [Akranes og nágrenni]“ greint eftir aldri.	62
Mynd 59: „Þar er mikið af náttúruþerlum [Borgarfjörður]“ greint eftir kyni.	64
Mynd 60: „Þar er mikið af náttúruþerlum [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.	65
Mynd 61: „Þar er mikið af náttúruþerlum [Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	65
Mynd 62: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.	66
Mynd 63: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	66
Mynd 64: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Borgarfjörður]“ greint eftir landshluta3.	67
Mynd 65: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Borgarfjörður]“ greint eftir kyni.	67
Mynd 66: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.	68
Mynd 67: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	68
Mynd 68: „Þar er oft gott veður [Borgarfjörður]“ greint eftir landshluta7.	69
Mynd 69: „Þar er oft gott veður [Borgarfjörður]“ greint eftir kyni.	69
Mynd 70: „Þar er oft gott veður [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.	70
Mynd 71: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.	70
Mynd 72: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	71
Mynd 73: „Gott úrval af veitingastöðum [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.	71
Mynd 74: „Þar er mikið af náttúruþerlum [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta3.	73
Mynd 75: „Þar er mikið af náttúruþerlum [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.	73
Mynd 76: „Þar er mikið af náttúruþerlum [Snæfellsnes]“ greint eftir aldri.	74
Mynd 77: „Þar er mikið af náttúruþerlum [Snæfellsnes]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	74
Mynd 78: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta7.	75
Mynd 79: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.	75
Mynd 80: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta7.	76

Mynd 81: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.	76
Mynd 82: „Þar er oft gott veður [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta7.	77
Mynd 83: „Þar er oft gott veður [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.	78
Mynd 84: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta7.	79
Mynd 85: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.	79
Mynd 86: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Snæfellsnes]“ greint eftir aldri.	80
Mynd 87: „Gott úrval af veitingastöðum [Snæfellsnes]“ greint eftir aldri.	81
Mynd 88: „Gott úrval af veitingastöðum [Snæfellsnes]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	81
Mynd 89: „Þar er mikið af náttúruperlum [Dalir]“ greint eftir landshluta7.	83
Mynd 90: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Dalir]“ greint eftir landshluti3.	84
Mynd 91: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Dalir]“ greint eftir landshluti7.	84
Mynd 92: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Dalir]“ greint eftir aldri.	85
Mynd 93: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Dalir]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	85
Mynd 94: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Dalir]“ greint eftir landshluti3.	86
Mynd 95: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Dalir]“ greint eftir landshluta7.	86
Mynd 96: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Dalir]“ greint eftir aldri.	87
Mynd 97: „Þar er oft gott veður [Dalir]“ greint eftir landshluta3.	87
Mynd 98: „Þar er oft gott veður [Dalir]“ greint eftir landshluta7.	88
Mynd 99: „Þar er oft gott veður [Dalir]“ greint eftir aldri.	89
Mynd 100: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Dalir]“ greint eftir aldri.	89
Mynd 101: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Dalir]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.	90
Mynd 102: „Gott úrval af veitingastöðum [Dalir]“ greint eftir fyrri landshluta3.	90
Mynd 103: „Gott úrval af veitingastöðum [Dalir]“ greint eftir fyrri landshluta7.	91
Mynd 104: „Gott úrval af veitingastöðum [Dalir]“ greint eftir aldri.	92
Mynd 105: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað?“ (N=1257).....	93
Mynd 106: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað?“ greint eftir landshluta7.	94
Mynd 107: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað?“ greint eftir kyni.	94
Mynd 108: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað?“ greint eftir aldri.	95
Mynd 109: „Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög neikvæð og 10 er mjög jákvæð, hversu jákvæð eða neikvæð er ímynd þín af Vesturlandi heilt yfir?“ (N=1255).....	98
Mynd 110: „Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög neikvæð og 10 er mjög jákvæð, hversu jákvæð eða neikvæð er ímynd þín af Vesturlandi heilt yfir?“ greint eftir landshluti7.	99
Mynd 111: „Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög neikvæð og 10 er mjög jákvæð, hversu jákvæð eða neikvæð er ímynd þín af Vesturlandi heilt yfir?“ greint eftir kyni.	99
Mynd 112: „Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög neikvæð og 10 er mjög jákvæð, hversu jákvæð eða neikvæð er ímynd þín af Vesturlandi heilt yfir?“ greint eftir aldri.	100
Mynd 113: „Hvort telur þú Vesturland vera opið eða lokað fyrir íbúum með fjölbreyttan bakgrunn, til dæmis innflytjendum eða hinsegin fólki?“ (N=1265).....	100
Mynd 114: „Ef þú ættir að leggja mat á Vesturland í heild sinni, hvort tengir þú landshlutann frekar við einsleitni eða fjölbreytni?“ (N=1228).....	101

Mynd 115: „Ef þú ættir að leggja mat á Vesturland í heild sinni, hvort tengir þú landshlutann frekar við einsleitni eða fjölbreytni?“ greint eftir landshluta3.	102
Mynd 116: „Ef þú ættir að leggja mat á Vesturland í heild sinni, hvort tengir þú landshlutann frekar við einsleitni eða fjölbreytni?“ greint eftir landshluta7.	102
Mynd 117: „Ef þú ættir að leggja mat á Vesturland í heild sinni, hvort tengir þú landshlutann frekar við einsleitni eða fjölbreytni?“ greint eftir aldri.	103
Mynd 118: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ (N=1229).	104
Mynd 119: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ greint eftir landshluta3.	104
Mynd 120: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ greint eftir landshluta7.	105
Mynd 121: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ greint eftir aldri.	106

4. Inngangur

Í upplýsingadrifnu samfélagi er lykilatriði að stofnanir, sveitarfélög, landshlutar og aðrir sem vilja vinna að jákvæðri ímynd sinni kanni reglulega sína stöðu í hugum „markhópsins“. Í þessari skýrslu er farið ofan í saumana á því hver ímynd Vesturlands sé í augum annarra íbúa á landinu, gagnvart búsetu, ferðapjónustu og samfélagi. Markmiðið með skýrslunni er að hún nýtist sveitarfélögum á Vesturlandi, sem og ferðapjónustunni í landshlutanum, í því að gera Vesturland að aðlaðandi búsetuvalkosti og áfangastað.

Sambærileg skýrsla var síðast gefin út árið 2007 og því verður í þessari skýrslu gerður samanburður á niðurstöðum milli ára þar sem því er við komið. Þannig er hægt að fá vísbendingar um hvernig ímynd landshlutans hefur breyst á þeim 16 árum sem hafa liðið.

Tildrög skýrslunnar eru þau að Samband sveitarfélaga á Vesturlandi fól Háskólanum á Bifröst að framkvæma rannsókn sem hefði það að megin viðfangsefni að meta ímynd Vesturlands sem búsetuvalkosti og valkosti í ferðamennsku. Lögð er áhersla á að greina ímynd einstakra svæða innan landshlutans (það er Akraness og nágrennis, Borgarfjarðar, Snæfellsness og Dala) en einnig Vesturlands sem „vörumerkis“ alls landshlutans. Skýrslan er unnin af starfsmönnum Rannsóknarseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum, þeim Dr. Bjarka Þór Grönfeldt og Dr. Vífli Karlssyni.

Skýrslan er sett upp á eftirfarandi hátt: Fyrst er kannað hvað þátttakendum datt fyrst í hug þegar Vesturland og svæði innan þess voru nefnd, hvað þeim fannst einkennandi og hvað þeim fannst neikvætt (kaflí 3). Þá verða könnuð viðhorf til búsetu á Vesturlandi (kaflí 4) og ímynd Vesturlands sem búsetuvalkosti (kaflí 5). Einnig verður ímynd Vesturlands sem áfangastaðar könnuð (kaflí 6) sem og ímynd Vesturlands sem samfélags (kaflí 7).

5. Framkvæmd og úrvinnsla

Könnunin fór fram á netinu og stóð gagnaöflun yfir frá lokum október 2022 fram í janúar 2023. Þátttakendum var ekki umbunað beinlínis en í boði var að skrá sig í gjafaleik. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi settu slóð á könnunina á miðla sína auk þess sem önnur landshlutasamtök voru beðin að dreifa könnuninni á sínum síðum. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri sendi könnunin á sinn póstlista.

Reynt var eftir fremsta megni að hafa könnunina sambærilega við könnunina frá 2007 en sú breyting var gerð að núverandi könnun tók til íbúa allra landshluta (fyrir utan Vesturland). Árið 2007 var spurningakönnun send á úrtak íbúa á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, en þeir nágrannalandshlutar voru valdir sem líklegustu „markhópar“ Vesturlands. Í þessari rannsókn er áfram gengið út frá því að þessir þrír nágrannalandshlutar séu helstu markhópar Vesturlands en gögnum var einnig safnað frá íbúum á Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum. Í eftirfarandi greiningum í skýrslunni er bæði kannað hvort munur sé á viðhorfum þátttakenda þar sem landshlutarnir hafa verið flokkaðir í þrjá hluta í anda skýrslunnar frá 2007 (þ.e. höfuðborgarsvæðið, Vestfirðir og Norðurland vestra, og svo aðrir landshlutar saman) og þar sem allir landshlutarnir sjö eru greindir sérstakega.

Alls bárust 1265 svör sem dreifðust svo eftir landshlutum; Höfuðborgarsvæðið: 265, Vestfirðir: 98, Norðurland vestra: 87, Norðurland eystra: 412, Austurland: 195, Suðurland: 148, Suðurnes: 52. Átta þátttakendur gáfu ekki upp í hvaða landshluta þeir byggju.

Í greiningum á lokuðum spurningum voru keyrð t -próf óháðra meðaltala og fervikagreiningar (ANOVA) með bakgrunnsbreytum. Þar sem við á eru breytur vigtaðar eftir hlutfallstölum frá Þjóðskrá (þ.e. kyn og aldur). Hinsvegar var tekin ákvörðun að vigta ekki landshluta þar sem það hefði þýtt að svörum frá minnstu landshlutunum (þ.e. Vestfjörðum og Norðurlandi vestra) hefði fækkað mikið. Til dæmis bárust alls 98 svör frá Vestfjörðum en séu gögnin vigtuð eftir hlutfallstölum frá Þjóðskrá færi fjöldi Vestfirðinga í gögnunum niður í 25. Til að halda tölfræðilegum styrk þessara landshluta var vigt þeirra ekki breytt. Einnig voru keyrðar greiningar eftir fyrri búsetu á Vesturlandi, en nákvæmar upplýsingar um hve hátt hlutfall þjóðarinnar hefur átt lögheimili á Vesturlandi einhvern tímann á lífsleiðinni liggja ekki fyrir.

Við flokkun svara við opnum spurningum var kóðun í skýrslunni frá 2007 höfð að leiðarljósi til að fá sem bestan samanburð. Skýrsluhöfundar vilja þakka Rannveigu Gústafsdóttur frá Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri fyrir aðstoð við kóðun opnu spurninganna.

6. Hvað tengir fólk helst við Vesturland og svæði innan þess?

Fyrstu þrjár spurningarnar í könnuninni voru opnar, þ.e. engir valmöguleikar voru gefnir heldur svaraði hver og einn því sem honum datt fyrst í hug. Hver spurning var í þremur liðum, þ.e. fyrst var spurt um Vesturland sem heild og svo var landshlutanum skipt upp í fjögur afmörkuð svæði; Akranes og nágrenni, Borgarfjörð, Snæfellsnes og Dali.

Rétt er að taka hér fram að við skiptingu Vesturlands í svæði er stuðst við viðtekna svæðaskiptingu sem m.a. var notuð í bók Vífils Karlssonar Samgöngubætur og búseta og í skýrslu Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri sem fjallaði um niðurstöðu könnunar meðal Vestlendinga á því hver samfélagsáhrif Hvalfjarðarganga hafi orðið.

Flestir þátttakendur tiltóku eitt atriði en nokkrir nefndu fleiri atriði sem svar við sumum spurningum. Þegar slíkt kom upp var svarið flokkað eftir því hvað þátttakandinn nefndi fyrst. Spurningarnar voru eftirfarandi:

- ☐ Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar ... er nefnt?
- ☐ Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir ...?
- ☐ Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um ..., hvað kemur helst upp í huga þinn?


Í tíðnitölum fyrir opnu spurningarnar er miðað við að ekki séu færri en 1% sem nefndu tiltekið atriði. Atriði sem eru nefnd sjaldnar eru sett í flokkinn „annað“. Í texta við hverja mynd er sett fram hversu margir svöruðu spurningunni þar sem N merkir fjölda svarenda.

Vesturland sem heild

Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Vesturland er nefnt?

Á mynd 1 má sjá að flestir nefndu náttúru eða náttúrufegurð (21,1%). Þar á eftir kom Snæfellsnes og staðir þar (19,6%), Borgarnes (11,3%) og Borgarfjörður og staðir þar (6,7%). Rúmlega 4% nefndu staði á Vestfjörðum, 3,9% Stykkishólm, 3,2% Snæfellsjökul og 3,2% Akranes. Færri nefndu önnur atriði.

Hægt er að merkja nokkrar breytingar frá 2007. Ef eitthvað er hefur Vesturland styrkt ímynd sína hvað varðar náttúru og náttúrufegurð, en árið 2007 sögðu aðeins 10,1% svarenda að náttúran kæmi fyrst í huga sinn um Vesturland. Þá virðist Snæfellsnes hafa styrkt stöðu sína sem helsta kennileiti Vesturlands, en árið 2007 nefndu 13,2% þátttakenda Snæfellsnes. Af öðru má nefna að „samgöngur“ nefndu 5,7% árið 2007 en það hlutfall hefur lækkað verulega nú. Leiða má líkur að því að þar sem samgöngumál á Vesturlandi séu fólki ekki jafn ofarlega í huga og áður hafi ímyndin hvað varðar samgöngur því batnað milli ára.




Mynd 1: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Vesturland er nefnt? N=1230

Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Vesturland?

Í hugum flestra var náttúrufegurð helst einkennandi fyrir Vesturland, en rúmur þriðjungur nefndi það sem helsta einkenni landsvæðisins (sjá mynd 2). Önnur atriði voru mun sjaldnar nefnd, en þar má helst nefna Snæfellsnes (6,0%), fjöll (4,8%), Snæfellsjökul (4,5%) og fjölbreytni (4,1%).

Hvað varðar breytingar síðan 2007 hefur hlutfall þeirra sem nefna náttúrufegurð hækkað þó nokkuð (úr 24,2%). Aðrar breytingar voru óverulegar, en helst má nefna að árið 2007 voru mun fleiri sem nefndu „sveit / bændur / dreifbýli“ (7,9%) en nú er það hlutfall aðeins 1,6%. Án þess að hægt sé að segja með vissu til um ástæður þess má leiða líkur að því að í kjölfar mikillar uppbyggingar í suðurhluta landshlutans sé Vesturland nú tengdara þéttbýli í hugum fólks en var.




Mynd 2: Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Vesturland? N=1145

Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Vesturland, hvað kemur helst upp í huga þinn?

Mynd 3 sýnir að flestir af þeim sem nefndu eitthvað neikvætt um Vesturland nefndu slæma vegi og að vegakerfi sé ábótavant (29,8%). Þá var nokkur fjöldi sem nefndi slæmt veðurfar (19,1%) og skort á þjónustu og afþreyingu (10,2%). Önnur atriði sem voru áberandi voru skortur á þjónustu eða afþreyingu (10,2%), dreifð byggð og vegalengdir (8,9%) og stóriðja (5,9%).

Nokkrar breytingar hafa orðið á svörum borið saman við árið 2007. Þó flestir hafi einnig nefnt slæma vegi og að vegakerfi sé ábótavant var hlutfallið árið 2007 nokkuð hærra, eða 38,2%. Þá nefndu 8,9% slæmt ástand í atvinnumálum, launamálum og hagþróun árið 2007, en nú er það hlutfall aðeins 2,1%. Á móti kemur að nú nefndu 5,7% skort á þjónustu eða afþreyingu, en það var ekki fyrirferðarmikið í svörum frá 2007. Það má því ráða af þessum samanburði að í huga fólks hafi efnahagsástand svæðisins batnað en á móti komi skortur á þjónustu og afþreyingu við ferðamenn. Taka verður öllum samanburði með fyrirvara, en hlutfall þeirra sem nefna slæmt veður hefur aukist frá því sem það var árið 2007 (var 13,1%).




Mynd 3: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Vesturland, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=708

Akranes og nágrenni

Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Akranes er nefnt?

Eins og sjá má á mynd 4 nefndu 17,2% þeirra sem tóku afstöðu atriði tengd náttúrunni, böðum, sveitinni eða útivist. Þá nefndu 11,7% knattspyrnu/ÍA, 8,3% nefndu eitthvað neikvætt (almenns eðlis), 7,4% nefndu Akrafjall, 6,5% Hvalfjarðargöng, 6,4% Langasand og 5,6% þjónustu. Fleiri atriði voru nefnd eins og sjávarútvegur (3,5%), ætt og uppruni (3,4%), Sementsverksmiðjan (3,4%) og Grundartangastóriðja (3,1%).

Þó nokkrar breytingar hafa orðið síðan árið 2007. Flokkurinn „náttúran, böð, sveitin og útivist“ er hástökkvari en hann komst ekki á blað árið 2007 og gefur það til kynna að ímynd Akraness sé mun nær náttúrutengdri afþreyingu en áður var. Þá gæti ímynd Akraness sem knattspyrnubæjar hafa dalað nokkuð, en árið 2007 var „knattspyrna/ÍA“ lang stærsti flokkurinn (23,2%). Árið 2007 nefndu einnig 15,1% svarenda Sementsverksmiðjuna en það hlutfall er mun lægra nú. Hvalfjarðargöngin og Grundartangastóriðja eru fólki síður í huga nú en þá (15,1% og 12,8%). Akraborgin virðist enn lifa í hugum fólks, þó hlutfallið hafi lækkað síðan árið 2007 (var 4,8%).




Mynd 4: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Akranes er nefnt? N=1227

Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Akranes?

Á mynd 5 má sjá svör við spurningunni um hvað þátttakendum hafi fundist mest einkennandi fyrir Akranes. Akrafjall var lang vinsælasta svarið (14,3%), þar á eftir komu Langisandur (9,8%) og fótbolti/ÍA (7,9%). Önnur svör sem voru nefnd voru „fallegur bær/öflugt mannlíf/í sókn“ (4,9%), rok/vont veður (4,9%) og uppbygging/iðnaður/framkvæmdir (4,3%). Önnur atriði voru nefnd sjaldnar, en Guðlaug virðist einnig hafa skapað sér nokkuð sterka ímynd þar sem 3,5% nefndu hana. Á sama tíma gætti nokkurrar neikvæðni í garð Akraness í svörunum, en 3,4% sögðu að Akranes væri „óaðlaðandi, ljótt, leiðinlegt“.

Nokkrar breytingar hafa orðið síðan 2007. Hér kemur fram önnur vísibending að fótbolti/ÍA sé fólki ekki eins ofarlega í huga og var, en árið 2007 var það vinsælasta atriðið (23,2%). Akrafjallið er hástökkvari en árið 2007 nefndu það aðeins 5,4% og sama gildir um Langasand, en árið 2007 nefndu hann aðeins 2,6%. Þá er flokkurinn „fallegur bær/öflugt mannlíf/í sókn“ í raun nýr flokkur þar sem þessi atriði voru ekki nefnd nægilega oft árið 2007 til að hans væri getið sérstaklega.




Mynd 5: Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Akranes? N=1150

Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Akranes, hvað kemur helst upp í huga þinn?

Á mynd 6 má sjá að flestir sem nefndu eitthvað neikvætt um Akranes nefndu leiðinlegt veður (25,7%). Þá nefndu 16,2% svör sem voru flokkuð sem „óspennandi, lítil afþreying fyrir ferðamenn“ og 14,8% nefndu útlit og skipulag Akranessbæjar (t.d. erfitt að rata í bænum). Önnur atriði sem einnig voru nefnd voru Grundartangastóriðja (6,8%), atvinnumál, hagþróun, iðnaður (6,1%) og það að Akranes sé úr leið (6,0%).

Árið 2007 nefndu einnig flestir þátttakendur leiðinlegt veður í þessari spurningu og hefur hlutfallið haldist svipað (21,1%). Ýmislegt annað hefur breyst. Árið 2007 nefndu 19,6% Grundartangastóriðju sem neikvætt atriði en það hlutfall hefur hríðlækkað. Hinsvegar hefur hlutfall þeirra sem finnst Akranes óspennandi og vanta afþreyingu hækkað nokkuð (úr 11,1%). Þá er útlit og skipulag Akranessbæjar ennþá ákveðinn ímyndarvandi, en árið 2007 nefndu 8,5% það atriði og hefur hlutfallið hækkað nokkuð.




Mynd 6: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Akranes, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=717

Borgarfjörður

Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Borgarfjörður er nefndur?

Á mynd 7 má sjá að náttúra og náttúrufegurð var það fyrsta sem flestum þátttakendum datt í hug um Borgarfjörð (17,6%). Borgarnes nefndu 10,5% og sumarbústaði/sumarbústaðasvæði nefndu 8,9%. Önnur atriði sem voru nefnd voru meðal annars „sveit, bændur, dreifbýli“ (6,7%), Húsafell (6,6%) og verslun/sjoppur (5,4%).

Tvær eftirtektarverðar breytingar virðast hafa orðið á ímynd Borgarfjarðar síðan 2007. Hér er náttúra og náttúrufegurð hástökkvari, en árið 2007 nefndu 8,7% það atriði. „Sveit, bændur, dreifbýli“ er einnig hástökkvari en það atriði nefndu aðeins 2,2% árið 2007. Borgarnes (13,6%) og sumarbústaðir/sumarbústaðasvæði (11,9%) halda sínu sem og Húsafell (6,0%) og verslun/sjoppur (8,9%).




Mynd 7: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Borgarfjörður er nefndur? N=1224

Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Borgarfjörð?

Á mynd 8 má sjá að mat þátttakenda er að náttúrufrægurð sé mest einkennandi fyrir Borgarfjörð (19,2%). 7,9% nefndu sumarbústaði, 6,8% Borgarnes og 6,1% nefndu „gróður, kjarr, skógur“. Önnur svör sem komust á blað voru Borgarfjarðarbrúin (3,9%), hraun (3,7%), ferðalög/ferðaþjónusta (3,6%), „sveit/bændur, dreifbýli“ (3,5%), Baula (3,4%), „bensínstöðvar/sjoppur/stopp“ (3,3%) og „verslun/áning/þjónusta“ (3,0%). Nokkur fjöldi annarra atriða voru nefnd sjaldnar.

Ekki hafa orðið verulegar breytingar á svörum við þessari spurningu samanborið við árið 2007, en þá var mjög svipað hlutfall sem sagði að náttúrufrægurð væri mest einkennandi fyrir Borgarfjörð (18,5%). Nokkuð færri nefndu sumarbústaði nú en þá (var 13,9%). Borgarnes hefur þó styrkt stöðu sína nokkuð, en árið 2007 nefndu 4,1% bæinn sem helsta einkenni Borgarfjarðar.




Mynd 8: Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Borgarfjörð? N=1167

Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Borgarfjörð, hvað kemur helst upp í huga þinn?

Á mynd 9 má sjá að flestir nefndu slæma vegi sem neikvætt atriði um Borgarfjörð (17,0%). Þá nefndu þó nokkrir tvö náskyld atriði; „umferðaröryggi og mikil umferð“ (13,7%) og „þjóðvegurinn gegnum Borgarnes“ (5,0%). Önnur atriði sem komust á blað voru skortur á „afþreyingu eða þjónustu“ fyrir ferðamenn, þ.m.t. slæm tjaldstæði (12,7%) og slæmt veðurfar (11,5%).

Helsta breytingin frá 2007 er sú að hlutfall þeirra sem nefna slæma vegi hefur hriðlækkað (var 35,4%). Má því ætla að nokkur árangur hafi náðst í þeim málaflokki. Árið 2007 nefndu 14,9% skort á afþreyingu og þjónustu og er það svipað hlutfall og nú. Nýr flokkur er nú á blaði, lúsmý, sem ekki var fyrir á fleti árið 2007.




Mynd 9: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Borgarfjörð, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=584

Snæfellsnes

Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Snæfellsnes er nefnt?

Á mynd 10 má sjá að flestir nefndu Snæfellsjökul sem það sem þeim kom fyrst í hug um Snæfellsnes (28,4%). Önnur atriði sem oft voru nefnd voru náttúrufegurð/náttúra (15,1%), Stykkishólmur (10,5%) og Arnarstapi (6,6%).

Helsta breytingin frá 2007 er að Snæfellsjökull virðist hafa hopað nokkuð, en þá nefndu 46,2% jökullinn sem það sem allra fyrst kom upp í hugann um Snæfellsnes. Hann ber þó enn höfuð og herðar yfir önnur atriði.




Mynd 10: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Snæfellsnes er nefnt? N=1231

Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Snæfellsnes?

Að mati svarenda er náttúrufrægurð helsta einkenni Snæfellsness (sjá mynd 11). Þar á eftir kom Snæfellsjökull (29,6%) en önnur atriði voru nefnd sjaldnar. Nokkur fjöldi þátttakenda (2,7%) nefnir sérsaklega dulúð, dramatík eða orku, en það gæti verið áhugavert efni í framtíðarmarkaðssetningu svæðisins.

Ekki voru veigamiklar breytingar frá árinu 2007.




Mynd 11: Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Snæfellsnes? N=1174

Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Snæfellsnes, hvað kemur helst upp í huga þinn?

Að mati þátttakenda eru slæmir vegir það sem helst er hægt að nefna neikvætt við Snæfellsnes (sjá mynd 12). Þar á eftir er slæmt veðurfar (22,9%) og skortur á afþreyingu, þjónustu og aðstöðu fyrirferðamenn (14,8%). 9,4% nefndu að Snæfellsnes væri úr leið og að það væri langt þangað og 6,6% nefndu að þar væri of mikill túrismi.

Í megin atriðum eru svör áþekk því sem var 2007. Hinsvegar er nýr flokkur í svörunum núna, að það sé of mikill túrismi á Snæfellsnesi, sem komst ekki á blað árið 2007.




Mynd 12: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Snæfellsnes, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=593

Dalir

Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Dalir eru nefndir?

Á mynd 13 má sjá að flestir þátttakendur sögðu að Búðardalur hefði komið þeim fyrst í hug þegar Dalir voru nefndir (22,6%). Þá nefndu 9,2% náttúruna og náttúrufegurð, 8,4% nefndu söguna og 8,2% „sveit, bændur, dreifbýli“. Þá nefndu 5,1% mjólkurbú eða mjólkurvörur, 4,6% nefndu „veiði/hesta/útivist/sumarbústaði“ og 4,2% nefndu Erpsstaði eða ís. Ef tekin eru saman öll svör sem vísa í söguna (sagan, Eiríksstaðir, Laugar, Auður djúpúðga) er samanlagt hlutfall 15,7%. Að auki voru nefnd ýmis bæjarnöfn og persónur þar sem ekki var alltaf augljóst hvort þátttakendur væru að vísa í söguna eða ekki.

Ekki voru verulegar breytingar á svörum miðað við árið 2007. Þó nefna færri Búðardal nú en þá (var 32,0%). Erpsstaðir og ísinn þeirra er þó nýr flokkur og virðist það vörumerki nokkuð þekktara nú en þá.




Mynd 13: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Dalir eru nefndir? N=1038

Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Dali?

Á mynd 14 má sjá að flestir þátttakendur nefndu náttúruna og náttúrufegurð sem helsta einkenni Dalanna. Þá nefndu 11,1% „sveit, bændur, dreifbýli“, 9,9% söguna, 8,8% landbúnað og 7,1% Búðardal. Þá nefndu 5,0% ýmis neikvæð atriði, en 3,5% nefndu „mjólkurbú, mjólkurvörur og osta“.

Helsta breytingin frá árinu 2007 er sú að mun færri telja „sveit, bændur og dreifbýli“ vera helsta einkenni Dalanna nú en þá (var 31,2%).




Mynd 14: Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Dalir eru nefndir? N=931

Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Dali, hvað kemur helst upp í huga þinn?

Á mynd 15 má sjá að flestir nefndu samgöngumál og vegamál sem neikvætt atriði um Dalina (26,9%). Þá nefndu 18,3% að þjónustu við ferðamenn væri ábótavant. Annað atriði sem kom oft upp var að Dalirnir væru „óaðlaðandi, dauflægir, dauðir“ (13,9%). Þá nefndu 9,3% að Dalirnir væru úr leið eða afskekktir og 8,6% nefndu slæmt ástand atvinnumála og hagþróun.

Sé lítið til niðurstaðna ársins 2007 er mjög svipað hlutfall sem þá nefndi samgöngumál og vegamál sem neikvætt atriði um Dalina (var 30,5%). Hinsvegar hefur óánægja með þjónustu við ferðamenn aukist síðan 2007 (var 11,9%) og nú finnst fleirum að Dalirnir séu afskekktir eða úr leið (var 3,3%). Á móti hefur neikvæðni í garð atvinnumála og hagþróunar minnkað (úr 15,9% árið 2007).



Mynd 15: Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um Dali, hvað kemur helst upp í huga þinn? N=525

Samantekt

Vesturland sem heild

Þegar svarendur voru spurðir hvað þeim dytti allra fyrst í hug þegar Vesturland væri nefnt var náttúran eða náttúrufegurð efst á blaði. Svo komu Snæfellsnes og staðir þar, Borgarnes og Borgarfjörður og staðir þar. Ímynd Vesturlands sem héraðs náttúruperla stendur því sterkt. Miðað við þessar niðurstöður ætti ferðaþjónustan að halda áfram að leggja áherslu á náttúrufegurð Vesturlands og jafnvel efla þá markaðssetningu enn frekar. Einhver kergja virðist þó vera í þátttakendum en tæpur þriðjungur taldi vegakerfinu á Vesturlandi vera ábótavant og um 10% töldu vera skort á þjónustu og afþreyingu á svæðinu. Þar er því svigrúm til umbóta og ættu sveitarfélög og ferðaþjónusta (og eftir atvikum yfirvöld samgöngumála) að kortleggja þennan vanda.

Akranes og nágrenni

Áhugaverð þróun hefur átt sér stað á ímynd Akraness og nágrennis. Ekkert eitt atriði var áberandi umfram önnur en það er greinilegt að ímynd Akraness tengist nú meira náttúrunni en áður var. Það atriði sem þátttakendur nefndu oftast sem það fyrsta sem þeim dytti í hug var „náttúran, böð, sveitin og útivist“, en árið 2007 tróndi fótbolti/ÍA á toppnum. Þá fannst þátttakendum Akrafjall og Langisandur vera helsta einkenni Akranessbæjar og Guðlaug var einnig nefnd. Nokkur fjöldi nefndi einnig öflugt mannlíf, bæ í sókn og uppbyggingu. Athyglisvert er að stóriðjan á Grundartanga var þátttakendum nú síður í huga en árið 2007. Það neikvæða atriði sem var oftast nefnt í þessari rannsókn var að slæmt veður væri á Akranesi, sem ef til vill er lítið hægt að gera í. Aftur á móti nefndu margir þátttakendur að það helsta sem væri neikvætt við Akranes væri að þar væri lítil afþreying fyrir ferðamenn auk þess sem útliti og skipulagi Akranessbæjar (þá sérstaklega gatnakerfinu) væri ábótavant. Sveitarfélagið og ferðaþjónustan gætu átt samtal um hvernig bæta megi úr þeim þáttum.

Borgarfjörður

Þegar þátttakendur voru spurðir hvað þeim dytti fyrst í hug um Borgarfjörð nefndu flestir náttúru eða náttúrufegurð, en þó var ekkert eitt atriði sem tróndi yfir hinum. Borgarnes var einnig oft nefnt sem og sumarbústaðir. Vísbendingar eru í gögnum um að þátttakendur tengi Borgarfjörð nú meira við „sveit/bændur/dreifbýli“ en var árið 2007. Aðspurðir um hvað væri neikvætt við Borgarfjörð nefndu flestir þátttakendur atriði tengd samgöngum og vegamálum, auk þjóðvegarins um Borgarnes sem farartálma. Þá var einnig nokkur fjöldi sem nefndi skort á afþreyingu eða þjónustu (sérstaklega á tjaldsvæðum) auk þess sem að það væri bara „keyrt í gegnum“ Borgarfjörð. Í ímyndarvinnu Borgarfjarðarsvæðisins ætti að taka tillit til þessara þátta.

Snæfellsnes

Ímynd Snæfellsness virðist vera ofin Snæfellsjökli órofa böndum. Þátttakendur nefndu oft náttúruna og náttúrufegurð, en athygli vekur að tíðar voru nefndir einstakir staðir á Snæfellsnesi en hinum svæðunum. Má þar nefna Stykkishólm, Arnarstapa, Grundarfjörð, Ólafsvík, Búðir, Hellna og svo framvegis. Þessir staðir eru þekkt „vörumerki“ og væri hægt að nýta enn frekar sem slík. Einnig ber að nefna að „dulúð, dramatík og orka“ voru nefnd nokkuð oft sem einkenni Snæfellsness og gætu í framtíðinni orðið hluti af frekari markaðssetningu. Hvað varðar neikvæð atriði um Snæfellsnes nefndu flestir þátttakendur slæma vegi og slæmt veðurfar. Þá nefndu þó nokkrir skort á afþreyingu, þjónustu eða aðstöðu fyrir ferðamenn. Fyrir utan veðrið ætti að vera hægt að vinna að umbótum á þessum atriðum. Athygli vekur einnig að nokkur fjöldi nefndi að Snæfellsnes væri úr leið/langt þangað og að of mikið væri af ferðamönnum á Snæfellsnesi.

Dalir

Flestir þátttakendur sögðu að sér dytti Búðardalur fyrst í hug þegar Dalir voru nefndir. Önnur atriði sem voru nefnd voru náttúrufegurð, sagan, sveitin og mjólkurvörur. Líklega er svigrúm til þess að nýta söguna og tenginguna við mjólkurvörur enn betur í markaðssetningu Dala, og mögulega flétta saman við ímyndina um sveitina og landbúnaðinn, sem einnig voru tengd nokkuð sterkt við Dali. Eins og átti um við hin svæðin þóttu ástand vega og þjónusta við ferðamenn vera það sem helst væri neikvætt við Dali, en einnig var nokkuð um að Dölum væri lýst sem óaðlaðandi/dauflegum/dauðum, afskekktum og úrleið, og að svæðið vantaði kynningu og væri óþekkt. Hafa ber í huga að færri þátttakendur svöruðu spurningum um Dalina en önnur svæði, mögulega vegna þess að menn áttuðu sig ekki á því hvaða svæði væri átt við. Hér er svigrúm til sóknar því á sama tíma lýstu þeir sem til þekktu svæðinu sem fallegu og að það einkenndist af náttúrufegurð.

7. Viðhorf til búsetu á Vesturlandi

Það gæti komið til álita fyrir mig að búa á Vesturlandi

Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Það gæti komið til álita fyrir mig að búa í/á...“ og svæðin fjögur innan Vesturlands talin upp. Í töflu 1 má sjá samantekt á svörum við þessari fullyrðingu. Eins og sjá má er nokkuð hátt hlutfall sem segjast vera mjög eða frekar sammála því að til álita komi að búa á svæðum á Vesturlandi. Til að mynda segir yfir helmingur það koma til álita að búa í Borgarfirði.

Til að kanna hvort marktækur munur væri á meðaltölum sem sýnd eru yst til hægri í töflu 1 var keyrð fervikagreining endurtekinna mælinga (*repeated measures ANOVA*). Í ljós kom marktækur munur á meðaltölum svæðanna fjögurra, $F(3,1176)=164,33$, $p<.001$. Þátttakendur álitu Borgarfjörð betri búsetukost en öll önnur svæði innan landshlutans, það er 2,50 á skalanum 1 til 4 og er það marktækt hærra en meðaltal hinna svæðanna (öll $p<.001$). Því var öfugt farið með Dalina. Meðaltal Dalanna sem búsetuvalkosts (1,86 af 4 mögulegum) var marktækt lægra en hinna svæðanna þriggja (öll $p<.001$). Ekki kom fram eins skýrt mynstur með Akranes og nágrenni og Snæfellsnes. Akranes var álitid verri búsetukostur en Borgarfjörður ($p<.001$) og betri en Dalir ($p<.001$), en ekki var marktækur munur á Akranesi og Snæfellsnesi ($p=.177$).

Tafla 1: Vesturland sem búsetuvalkostur

Það gæti komið til álita fyrir mig að búa í/á...	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Meðaltal (1-4)
Akranesi og nágrenni	26,9%	33,2%	31,7%	8,2%	1235	2,21
Borgarfirði	15,7%	30,4%	41,8%	12,1%	1232	2,50
Snæfellsnesi	22,0%	35,5%	33,6%	8,8%	1225	2,29
Dölum	43,8%	32,3%	18,0%	5,8%	1184	1,86


Þegar niðurstöður eru bornar saman við gögn frá árinu 2007 virðist Vesturland í heild sinni vera ákjósanlegri búsetukostur í hugum fólks en var. Árið 2007 var hlutfall þeirra sem sögðust vera „frekar“ eða „mjög sammála“ eftirfarandi: Á Akranesi og nágrenni 21,1%, í Borgarfirði 36,4%, á Snæfellsnesi 21,6% og Dölum 12,3%. Nú eru hlutföllin: Á Akranesi 40,0%, í Borgarfirði 53,9%, á Snæfellsnesi 42,4% og Dölum 23,8%. Öll svæði hafa hækkað verulega í álit. Þó ber að hafa í huga að öllum samanburði milli ára fylgir sá fyrirvari að almenn viðhorf í samfélaginu gætu hafa breyst. Til dæmis gæti verið almennt meiri jákvæðni í garð búsetu á landsbyggðinni og áhrifin því ekki bundin við Vesturland. Því til sönnunar má benda á mikla uppbyggingu í hina áttina frá höfuðborgarsvæðinu, það er

fyrir austan Hellisheiði. Sé vilji fyrir hendi (og geta til að taka á móti nýjum íbúum) gætu sveitarfélög á Vesturlandi nýtt sér þennan mikla meðbyr enn frekar.

Eins og var útskýrt stuttlega í inngangi voru spurningarnar greindar eftir fjórum bakgrunnsbreytum; kyni, aldri, búsetu og fyrri búsetu á Vesturlandi. Í greiningum á kyni og aldri voru gögnin vigtuð til að endurspegla stærðir hópa í samfélaginu. Tvær búsetubreytur voru notaðar; annars vegar breyta þar sem landshlutarnir voru flokkaðir í: 1) Höfuðborgarsvæðið, 2) Vestfirðir og Norðurland vestra og 3) aðrir landshlutar. Var þetta gert þar sem fyrri rannsóknir sýna að fólk er líklegra til að íhuga búsetu í nágrannalandshluta. Í tilfelli Vesturlands eru nágrannarnir höfuðborgarsvæðið til suðurs og Norðurland vestra og Vestfirðir til norðurs. Því má líta svo á að markhóparnir séu í raun þrír, og tekur breytan **landshluti3** tillit til þess. Svo var notuð breyta þar sem allir landshlutarnir sjö stóðu einir. Var þetta gert til að greina mögulega sérstöðu innan einstaka landshluta og er sú breyta kölluð **landshluti7**. Tekin var ákvörðun að vigta breytur ekki eftir búsetu til að auka vægi svara frá Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Til að mynda hefði fjöldi þátttakenda af Vestfjörðum lækkað úr 98 í 25 væru þeir í réttu hlutfalli við fjölda landsmanna. Einungis er greint frá þeim prófum þar sem reyndist marktækur munur og á það við um alla eftirfarandi kafla í skýrslunni.

Akranes og nágrenni


Ekki var marktækur munur á viðhorfum til búsetu á Akranesi eftir landshluta3 eða landshluta7, kyni eða aldri. t -próf óháðra meðaltala sýndi hinsvegar fram á að þátttakendur sem höfðu áður búið á Vesturlandi (já vs. nei) voru marktækt líklegri til að geta hugsað sér að búa á Akranesi en þeir sem höfðu ekki búið á Vesturlandi ($t(1231)=2,37$, $p=0,018$, sjá meðaltöl á mynd 16).



Mynd 16: „Ég gæti hugsað mér að búa á Akranesi“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.


Borgarfjörður

Ekki var marktækur munur á viðhorfi til búsetu í Borgarfirði eftir kyni eða landshluta3. Fervikagreining leiddi hinsvegar í ljós marktækan mun á viðhorfum til búsetu í Borgarfirði eftir landshluta7, $F(6,1217)=3,97$, $p<.001$, sjá meðaltöl á mynd 17. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá fyrst og fremst í mjög jákvæðu viðhorfi íbúa á Norðurlandi vestra til búsetu á Vesturlandi miðað við íbúa annarra landshluta (öll $p<.01$), nema íbúa Suðurlands. Ekki var marktækur munur á viðhorfum íbúa Suðurlands og Norðurlands vestra ($p=.11$).




Mynd 17: „Ég gæti hugsað mér að búa í Borgarfirði“ greint eftir búsetu.

Fervikagreining (ANOVA) leiddi einnig í ljós marktækan mun á viðhorfum til búsetu í Borgarfirði eftir aldri þátttakenda, $F(2,1233)=22,94$, $p<.001$, sjá meðaltöl á mynd 18. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að marktækur munur var á öllum meðaltölum aldurshópanna (öll $p<.01$). Í raun má segja að sambandið milli viðhorfs til búsetu í Borgarfirði og aldurs hafi verið línulegt: Því eldri sem þátttakendur voru því líklegri voru þeir til að geta hugsað sér að búa í Borgarfirði.



Mynd 18: „Ég gæti hugsað mér að búa í Borgarfirði“ greint eftir aldri.


Að lokum leiddi *t*-próf óháðra meðaltala í ljós að þátttakendur sem höfðu búið á Vesturlandi (já vs. nei) voru marktækt viljugri að búa í Borgarfirði ($t(1228)=5.58, p<.001$).



Mynd 19: „Ég gæti hugsað mér að búa í Borgarfirði“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.


Snæfellsnes

Ekki var marktækur munur á viðhorfi til búsetu á Vesturlandi eftir núverandi landshluta3, landshluta7 eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Hinsvegar var marktækur munur á kynjum samkvæmt t -prófi ($t(1218)=2,36, p=.019$). Karlar voru marktækt líklegri til að geta hugsað sér að búa á Snæfellsnesi en konur, sjá mynd 20.



Mynd 20: „Ég gæti hugsað mér að búa á Snæfellsnesi“ greint eftir kyni.


Þá var marktækur munur á svörum þátttakenda eftir aldri samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1227)=3,48, p=.031$. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá á milli yngsta og elsta aldurshópsins ($p=.024$). Eldri þátttakendur voru viljugri til að flytja á Snæfellsnes. Ekki var marktækur munur á aldursflokknum 36-55 ára og hinum tveimur flokkunum. Meðaltöl má sjá í mynd 21.



Mynd 21: „Ég gæti hugsað mér að búa á Snæfellsnesi“ greint eftir aldri.


Dalir

Marktækur munur var á viðhorfum þátttakenda eftir landshluti3 breytunni samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1173)=3,58$, $p=.028$. Samkvæmt Tukey eftiráprófinu lá munurinn í því að aðrir landshlutar (það er Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðurnes) voru jákvæðari í garð búsetu í Dölum en íbúar höfuðborgarsvæðisins ($p=.026$). Ekki var munur á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra samanborið við íbúa höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta (þrátt fyrir jöfn meðaltöl, þetta kemur til af ólíkum hópastærðum í úrtakinu). Meðaltöl má sjá á mynd 21.




Mynd 22: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir landshluta3.

Marktækur munur var einnig á viðhorfum þátttakenda eftir landshluti7 breytunni samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(6,1169)=2,18$, $p=.042$. Samkvæmt Tukey eftiráprófinu lá munurinn í því að íbúar á Norðurlandi eystra voru marktækt líklegri en íbúar höfuðborgarsvæðisins til að geta hugsað sér búsetu í Dölum ($p=.048$). Sjá meðaltöl á mynd 23. Athugið að meðaltal íbúa á Norðurlandi vestra var hærra en íbúa á Norðurlandi eystra, en nær ekki marktækum mun vegna fárra svara frá þeim landshluta.




Mynd 23: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir landshluta⁷.

t -próf óháðra meðaltala leiddi einnig í ljós marktækan mun á viðhorfum til búsetu í Dölum eftir kyni ($t(1178)=4,47$, $p<.001$). Karlar voru marktækt líklegri til að geta hugsað sér búsetu í Dölum en konur, sjá meðaltöl á mynd 24.




Mynd 24: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir kyni.

Marktækur munur var á viðhorfum til búsetu í Dölum eftir aldri samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1174)=13,42$, $p<.001$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós línulegt samband eftir aldri og viðhorfum til búsetu í Dölum, en marktækur munur var á öllum hópum, þannig að eldri þátttakendur voru líklegri til að íhuga búsetu í Dölum. Sjá meðaltöl á mynd 25.



Mynd 25: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir aldri.

Að lokum leiddi t -próf óháðra meðaltala í ljós að marktækur munur væri á því hvort þátttakendur höfðu búið á Vesturlandi (já vs. nei) þegar kemur að viðhorfum til búsetu í Dölum, $t(340,40)=2,15$, $p=.016$. Þeir sem höfðu búið á Vesturlandi voru líklegri til þess að íhuga búsetu í Dölum. Sjá meðaltöl á mynd 26.



Mynd 26: „Ég gæti hugsað mér að búa í Dölum“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.

Samantekt

Það er athyglisvert hve jákvæðir þátttakendur voru fyrir því að íhuga svæði á Vesturlandi sem búsetukost. Hlutföll þeirra sem voru frekar eða mjög sammála því að eftirfarandi svæði gætu komið til greina fyrir sig að búa á voru: Á Akranesi 40,0%, í Borgarfirði 53,9%, á Snæfellsnesi 42,4% og Dölum 23,8%. Er þetta talsverð aukning á áhuga á öllum svæðunum miðað við könnunina frá árinu 2007. Frekari greiningar leiddu í ljós að karlar voru heilt yfir líklegri en konur til að segja að búseta á Vesturlandi kæmi til greina fyrir sig. Íbúar á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra voru líklegri en íbúar annarra landshluta til að telja búsetu á einhverju svæði innan Vesturlands koma til greina. Einnig kom í ljós að almennt séð voru þátttakendur sem höfðu áður búið á Vesturlandi líklegri til þess að segja að búseta á Vesturlandi komi til greina aftur í framtíðinni. Það kemur ekki á óvart að þátttakendur sem eðli málsins samkvæmt þekkja betur til á Vesturlandi og hafa tengsl við svæðin séu almennt jákvæðari í garð þess að flytja aftur á kunnuglegar slóðir, en engu að síður gæti það verið mikilvægur markhópur Vesturlands í framtíðinni. Það er a.m.k. gott til afspurnar fyrir þá sem aldrei hafa búið á Vesturlandi að fyrrum íbúar Vesturlands séu viljugri að flytja þangað en þeir sem ekki þekkja til þess. Vesturland virðist því vinna á við nánari kynni. Annar mögulegur markhópur er fólk eldra en 56 ára, en sá aldurshópur var heilt yfir jákvæðari í garð búsetu á Vesturlandi en yngra fólk. Sveitarfélögin á svæðinu þurfa að taka afstöðu til þess hvort „herja“ eigi á þann markhóp eða auka áhugann hjá yngra fólki.

8. Ímynd Vesturlands tengd búsetu

Þátttakendur voru beðnir að meta hversu vel eða illa eftirtaldir þættir lýstu fjórum svæðum Vesturlands:

- ☐ Ásýnd svæðisins er góð
- ☐ Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun
- ☐ Góður staður til að ala upp börn

Þessir þættir voru ekki metnir árið 2007 og því ekki hægt að gera samanburð á milli ára. Farið er yfir niðurstöður fyrir hvert og eitt svæði innan Vesturlands. Svör við þessum spurningum voru greind eftir bakgrunnsbreytunum sem áður hefur verið lýst: landshluti3, landshluti7, kyn, aldur og fyrri búseta á Vesturlandi. Aðeins er greint frá greiningum þar sem í ljós kom marktækur munur.

Akranes og nágrenni


Í töflu 2 má sjá lýsandi tölfræði fyrir spurningarnar þrjár um ímynd Akraness tengda búsetu. Heilt yfir má segja að Akranes komi ágætlega út, en meirihluti var „frekar“ eða „mjög“ sammála því að ásýnd svæðisins væri góð (73,4%), það væri laust við hávaðamengun (64,3%) og væri góður staður til að ala upp börn (91,2%). Sé dæminu hinsvegar snúið við er það umhugsunarefni að rúmum þriðjungi þátttakenda finnist svæðið ekki vera laust við loft- og hávaðamengun (35,8%), sem og það að rúmur fjórðungur (26,6%) segi að ásýnd svæðisins sé ekki góð.

Tafla 2: Ímynd Akraness og nágrennis tengd búsetu

Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Akranes og nágrenni?	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Meðaltal (1-4)
Ásýnd svæðisins er góð	4,8%	21,8%	63,3%	10,1%	1135	2,79
Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun	6,4%	29,4%	52,8%	11,5%	1048	2,69
Góður staður til að ala upp börn	1,6%	7,2%	64,2%	27,0%	1052	3,17

Ásýnd svæðisins er góð

Einungis aldur hafði marktækt samband við viðhorf um ásýnd Akraness, fervikagreining (ANOVA) leiddi þennan mun í ljós, $F(2,118)=9,80$, $p<.001$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í viðhorfum elstu þátttakendanna (56 ára og eldri), sem voru marktækt jákvæðari í garð ásýndar Akraness en 18-35 ára og 36-55 ára ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á milli 18-35 ára og 36-55 ára.




Mynd 27: „Ásýnd svæðisins er góð [Akranes]“ greint eftir aldri.

Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun


Ekki mældist marktækur munur eftir aldri á svörum við þessari spurningu.

Fervikagreining (ANOVA) sýndi fram á að landshluti3 hafði marktæk áhrif á viðhorf hvað varðar loft- og hávaðamengun á Akranesi, $F(2,1040)=3,20$, $p=.041$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru frekar sammála staðhæfingunni en íbúar á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Ekki var marktækur munur á íbúum annarra landshluta og fyrrnefndra svæða. Sjá meðaltöl á mynd 28.




Mynd 28: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Akranes]“ greint eftir landshluta3.

Fervikagreining (ANOVA) sýndi einnig fram á að landshluti7 hafði marktæk áhrif á viðhorf um loft- og hávaðamengun á Akranesi, $F(6,1036)=3,29$, $p=.003$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á Suðurnesjum voru frekar sammála staðhæfingunni en íbúar á Norðurlandi vestra ($p=.002$) og Austurlandi ($p=.018$). Þá voru íbúar á höfuðborgarsvæðinu marktækt meira sammála staðhæfingunni en íbúar á Norðurlandi vestra ($p=.047$). Ekki mældist marktækur munur á viðhorfum annarra landshluta. Sjá meðaltöl á mynd 29.




Mynd 29: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Akranes]“ greint eftir landshluta7.

t -próf óháðra meðaltala leiddi einnig í ljós að munur var á kynjum hvað varðar viðhorf um loft- og hávaðamengun á Akranesi og nágrenni ($t(1051)=2,56, p=.011$). Karlar voru frekar sammála því að svæðið sé laust við loft- og hávaðamengun en konur, sjá meðaltöl á mynd 30.



Mynd 30: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Akranes]“ greint eftir kyni.

t -próf óháðra meðaltala leiddi einnig í ljós að munur var á hópum eftir fyrri búsetu á Vesturlandi (já vs. nei) hvað varðar viðhorf um loft- og hávaðamengun á Akranesi og nágrenni ($t(350,14)=-2,96, p=.004$). Þátttakendur sem höfðu ekki búið á Vesturlandi töldu svæðið frekar laust við mengun en þeir sem höfðu áður búið á Vesturlandi, sjá meðaltöl á mynd 31.




Mynd 31: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Akranes]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.

Góður staður til að ala upp börn


Ekki voru marktæk áhrif af breytunum landshluti7, kyn eða hvort þátttakendur höfðu búið áður á Vesturlandi eða ekki.

Fervikagreining (ANOVA) sýndi fram á að landshluti3 hafði marktæk áhrif á viðhorf um Akranes og nágrenni sem góðan stað til að ala upp börn, $F(2,1044)=5,08$, $p=.006$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru frekar sammála staðhæfingunni heldur en íbúar á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra ($p=.012$) og annarra landshluta ($p=.018$). Ekki var marktækur munur á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og íbúa hinna landshlutanna. Sjá meðaltöl á mynd 32.



Mynd 32: „Góður staður til að ala upp börn [Akranes]“ greint eftir landshluti3.

Fervikagreining (ANOVA) sýndi einnig fram á að aldur hafði marktæk áhrif á viðhorf um Akranes og nágrenni sem góðan stað til að ala upp börn, $F(2,1047)=4,40$, $p=.012$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að þátttakendur 56 ára og eldri voru meira sammála staðhæfingunni en þátttakendur 18-35 ára ($p=.009$). Ekki var marktækur munur á 36-55 ára og hinum aldurshópunum. Sjá meðaltöl á mynd 33.



Mynd 33: „Góður staður til að ala upp börn [Akranes]“ greint eftir aldri.

Borgarfjörður


Lýsandi tölfraði fyrir spurningar um ímynd Borgarfjarðar tengda búsetu má sjá í töflu 3. Óhætt er að fullyrða að ímynd Borgarfjarðar sé jákvæð í öllum þáttum, mikill meirihluti er annaðhvort „frekar“ eða „mjög“ sammála því að ásynd svæðisins sé góð (92,3%), svæðið sé laust við loft- og hávaðamengun (86,9%) og að svæðið sé góður staður til að ala upp börn á (86,8%). Innan við 15% þátttakenda voru á þeirri skoðun að þessir þættir væru í ólagi.

Tafla 3: Ímynd Borgarfjarðar tengd búsetu

Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Borgarfjörð?	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Meðaltal (1-4)
Ásynd svæðisins er góð	1,3%	6,4%	57,8%	34,5%	1262	3,25
Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun	2,2%	10,9%	50,1%	36,8%	1153	3,22
Góður staður til að ala upp börn	2,9%	10,3%	54,8%	32,0%	1102	3,16

Ásynd svæðisins er góð


Ekki var marktækur munur eftir landshluta3 eða landshluta7, kyni eða fyrri búsetu á Vesturlandi (já vs. nei) á viðhorfum um ásynd Borgarfjarðar. Hinsvegar var marktækur munur á svörum þátttakenda eftir aldri samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1181)=7,65$, $p<.001$. Tukey eftiráprófið sýndi fram á að munurinn lá í því að elsti hópurinn hafði marktækt jákvæðari viðhorf til ásyndar Borgarfjarðar en yngsti hópurinn ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á aldurshópnum 36-55 ára og hinum hópunum. Meðaltöl má sjá á mynd 34.



Mynd 34: „Ásýnd svæðisins er góð [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.


Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun

Ekki var marktækur munur eftir landshluta3, landshluta7 og kyni. Hinsvegar var marktækur munur á svörum þátttakenda eftir aldri samkvæmt ferkagreiðningu (ANOVA), $F(2,1149)=6,40$, $p=.002$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að marktækur munur var á yngsta hópnum (18-35 ára) og báðum eldri hópnum, það er yngri þátttakendurnir voru síður sammála því að Borgarfjörður væri laus við loft- og hávaðamengun (36-55 ára $p=.040$; 56 ára og eldri $p<.001$). Ekki var marktækur munur á viðhorfum 36-55 ára og 56 ára og eldri. Sjá meðaltöl í mynd 35.



Mynd 35: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.


Þá leiddi t -próf óháðra meðaltala í ljós að marktækur munur var á svörum þátttakenda eftir því hvort þeir höfðu búið á Vesturlandi eða ekki (já vs. nei), $t(1169)=2,40$, $p=.019$. Þeir sem höfðu búið á Vesturlandi voru marktækt meira sammála því að Borgarfjörður væri laus við loft- og hávaðamengun. Meðaltöl má sjá á mynd 36.



Mynd 36: „Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun [Borgarfjörður]“ greint fyrri búsetu á Vesturlandi.


Góður staður til að ala upp börn

Ekki var marktækur munur á breytunum landshluta3 eða kyn. Hins vegar leiddi ferkaggreining (ANOVA) í ljós marktækan mun í afstöðu til þess hvort Borgarfjörður væri góður staður til að ala upp börn í landshluta7 breytunni, $F(6,1098)=3,36$, $p=.003$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að Vestfirðingar höfðu neikvæðara viðhorf til Borgarfjarðar sem góðs staðar til að ala upp börn en íbúar á Austurlandi ($p=.033$) og Suðurlandi ($p=.030$). Ekki greindist annar marktækur munur á viðhorfum hvað varðar landshluta7. Meðaltöl má sjá á 37.




Mynd 37: „Góður staður til að ala upp börn [Borgarfjörður],“ greint landshluta7.

Fervikagreining (ANOVA) leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu til Borgarfjarðar sem góðs staðar til að ala upp börn eftir aldurshópum, $F(2,1098)=16,31$, $p<.001$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós línulegt samband milli aldurs og þess að vera sammála staðhæfingunni. Marktækur munur var á öllum hópum (öll $p<.05$). Því eldri sem þátttakendur voru, því betri stað töldu þeir Borgarfjörð vera til að ala upp börn. Meðaltöl má sjá á mynd 38.



Mynd 38: „Góður staður til að ala upp börn[Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.

Að lokum leiddi t -próf óháðra meðaltala í ljós marktækan mun á því hve sammála þátttakendur voru staðhæfingunni um að Borgarfjörður væri góður staður til að ala upp börn á eftir því hvort þeir hefðu búið á Vesturlandi eða ekki (já vs. nei), $t(2,36)=2,36$, $p=.009$. Þeir sem höfðu búið á Vesturlandi voru frekar sammála spurningunni, sjá meðaltöl á mynd 39.



Mynd 39: „Góður staður til að ala upp börn[Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.

Snæfellsnes

Í töflu 4 má sjá lýsandi tölfræði yfir spurningarnar um ímynd Snæfellsness sem búsetuvalkosts. Óhætt er að fullyrða að þátttakendur hafi heilt yfir verið jákvæðir, en 96,9% voru „frekar“ eða „mjög“ sammála því að ásýnd svæðisins væri góð, 96,3% að svæðið væri laust við loft- og hávaðamengun, og 90,7% að svæðið væri góður staður til að ala upp börn.


Tafla 4: Ímynd Snæfellsness tengd búsetu

Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Snæfellsnes?	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Meðaltal (1-4)
Ásýnd svæðisins er góð	0.6%	2.5%	50.5%	46.4%	1199	3.43
Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun	0.4%	3.3%	44.4%	51.9%	1172	3.48
Góður staður til að ala upp börn	1.6%	7.7%	53.7%	37.0%	1111	3.26

Ásýnd svæðisins er góð


Ekki mældist munur á viðhorfum eftir aldursflokkum eða eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.

Marktækur munur reyndist á landshluti3 breytunni samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1188)=4,61$, $p=.010$. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru marktækt frekar sammála því að ásýnd Snæfellsness væri góð en íbúar annarra landshluta ($p=.007$). Ekki var marktækur munur á íbúum á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og íbúum höfuðborgarsvæðisins og hinna landshlutanna.




Mynd 40: „Ásýnd svæðsins er góð [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta3.

Einnig greindist marktækur munur á landshluta7 breytunni samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(6,1184)=3,04$, $p=.006$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá helst í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu höfðu jákvæðari viðhorf til ásýndar Snæfellsness en íbúar á Norðurlandi eystra ($p=.043$) og Austurlandi ($p=.006$). Meðaltöl má sjá í mynd 41.



Mynd 41: „Ásýnd svæðsins er góð [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta7.

t -próf óháðra meðaltala leiddi einnig í ljós marktækan mun á viðhorfi þátttakenda til ásýndar Snæfellsness eftir kyni, $t(1194)=-2,59$, $p=.010$. Konur höfðu jákvæðara viðhorf en karlar. Meðaltöl má sjá í mynd 42.




Mynd 42: „Ásýnd svæðsins er góð [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.

Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun

Ekki mældist marktækur munur á viðhorfum um loft- og hávaðamengun eftir landshluta7, kyni, aldri eða fyrri búsetu á Vesturlandi.

Hinsvegar mældist marktækur munur á landshluta3 samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1162)=3,06$, $p=.048$. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í jákvæðara viðhorfi íbúa á höfuðborgarsvæðinu en annarra landshluta ($p=.037$). Ekki var marktækur munur á viðhorfum íbúa á Vesturlandi og Norðurlandi vestra og hinna landshlutanna. Sjá mynd 43.



Mynd 43: „Ásýnd svæðsins er góð [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta3.

Góður staður til að ala upp börn

Ekki mældist marktækur munur á viðhorfum til Snæfellsness sem góðs staðar til að ala upp börn út frá landshluta3, landshluta7, kyni, aldri eða fyrri búsetu á Vesturlandi.

Dalir

Í töflu 5 má sjá lýsandi tölfræði yfir spurningarnar um ímynd Dala sem búsetuvalkosta. Mikill meirihluti var „frekar“ eða „mjög“ sammála því að ásýnd svæðisins væri góð (80,6%), svæðið væri laust við loft- og hávaðamengun (94,3%) og góður staður til að ala upp börn (76,3%). Ímynd Dalanna hvað varðar þessa þætti er því góð, en þess ber að geta að mun færri svöruðu spurningum um Dalina en hin svæðin. Þetta mynstur bendir til þess að jafnvel þótt færri þekki til Dala sé ímyndin hinsvegar jákvæð í hugum þeirra sem þó þekkja til.


Tafla 5: Ímynd Dala tengd búsetu

Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Dali?	Mjög ósammála	Frekar ósammála	Frekar sammála	Mjög sammála	Fjöldi	Meðaltal (1-4)
Ásýnd svæðisins er góð	4,0%	15,4%	61,6%	19,0%	1043	2,95
Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun	1,6%	4,1%	43,0%	51,3%	1049	3,44
Góður staður til að ala upp börn	4,8%	18,9%	49,4%	26,9%	985	2,98

Ásýnd svæðisins er góð


Ekki var marktækur munur eftir kyni eða fyrri búsetu á Vesturlandi.

Samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA) var marktækur munur á svörum þátttakenda eftir landshluta3 breytunni, $F(2,1034)=8,45$, $p<.001$. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að aðrir landshlutar höfðu jákvæðari viðhorf til ásýndar Dala en íbúar höfuðborgarsvæðisins ($p=.002$) og íbúar á Vestfjörðum og Norðurlandi ($p=.010$). Ekki var marktækur munur á íbúum höfuðborgarsvæðisins og íbúum á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.




Mynd 44: „Ásýnd svæðsins er góð [Dalir]“ greint eftir landshluta3.

Samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA) var einnig marktækur munur á svörum þátttakenda eftir landshluta7 breytunni, $F(6,1030)=4,05$, $p<.001$. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að íbúar á Vestfjörðum voru neikvæðari í garð ásýndar Dala en íbúar á Norðurlandi eystra ($p=.033$), Suðurlandi ($p=.009$) og Suðurnesjum ($p=.022$). Þá voru íbúar á Suðurlandi jákvæðari í garð ásýndar Dala en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ($p=.033$).



Mynd 45: „Ásýnd svæðsins er góð [Dalir]“ greint eftir landshluta7.

Samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA) var marktækur munur á svörum þátttakenda eftir aldri, $F(2,986)=8,23$, $p<.001$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að elsti aldurshópurinn (56 ára og eldri) var marktækt jákvæðari í garð ásýndar Dala en 18-35 ára ($p<.001$) og 36-55 ára ($p=.040$).



Mynd 46: „Ásýnd svæðsins er góð [Dalir]“ greint eftir aldri.


Svæðið er laust við loft- og hávaðamengun

Ekki var marktækur munur á landshluta3, landshluta7, kyni, aldri eða fyrri búsetu á Vesturlandi.

Góður staður til að ala upp börn


Ekki var marktækur munur á þessari breytu og fyrri búsetu á Vesturlandi.

Samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA) var marktækur munur á svörum þátttakenda eftir landshluti3 breytunni, $F(2,977)=14,41$, $p<.001$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar annarra landshluta höfðu jákvæðari viðhorf í garð Dala sem góðs staðar til að ala upp börn en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og íbúum höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta.




Mynd 47: „Góður staður til að ala upp börn [Dalir]“ greint eftir landshluta3.

Samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA) var einnig marktækur munur á svörum þátttakenda eftir landshluti7 breytunni, $F(6,973)=5,11$, $p<.001$. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá helst í því að viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu voru verri en íbúa á Norðurlandi eystra ($p<.001$), Austurlandi ($p<.001$) og Suðurlandi ($p<.001$). Meðaltöl má sjá í mynd 48.




Mynd 48: „Góður staður til að ala upp börn [Dalir]“ greint eftir landshluta7.

t -próf óháðra meðaltala leiddi einnig í ljós marktækan mun á kynjum, $t(933)=2,03$, $p=.043$. Karlar voru líklegri til að meta Dali sem góðan stað til að ala upp börn. Meðaltöl má sjá í mynd 49.



Mynd 49: „Góður staður til að ala upp börn [Dali]“ greint eftir kyni.

Samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA) var einnig marktækur munur á svörum þátttakenda eftir aldri, $F(2,935)=24,21$, $p<.001$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá helst í því að viðhorf 18-35 ára voru neikvæðari en 36-55 ára ($p<.001$) og 56 ára og eldri ($p<.001$).



Mynd 50: „Góður staður til að ala upp börn [Dali]“ greint eftir aldri.

Samantekt

Tölurnar sem kynntar voru í þessum kafla benda eindregið til þess að öll svæði innan Vesturlands hafi góða ímynd sem búsetuvalkostir, þó einhvern breytileika megí greina.

Til dæmis sagði rúmlega þriðjungur svarenda að ásýnd Akraness væri ekki nógu góð og um fjórðungur að loft- og hávaðamengun væri á svæðinu. Má það mynstur að hluta til rekja til þess að íbúar sumra landshluta á landsbyggðinni töldu meiri mengun vera á Akranesi en íbúar á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Getur það mögulega endurspeglad ólíkt gildismat eða kröfur þessara hópa (mikið þéttbýli vs. mikið dreifbýli), en það voru sérstaklega íbúar á Vestfjörðum og Austfjörðum sem töldu mikla mengun vera á Akranesi. Þá er einnig athyglisvert að þátttakendur sem höfðu sjálfir búið á Vesturlandi töldu meiri mengun á Akranesi, sem fer gegn því mynstri sem sést í gögnunum að sá hópur hefur almennt jákvæðara viðhorf til Vesturlands.

Hvað varðar Borgarfjörð verður ekki annað sagt en að ímyndin um svæðið sem búsetuvalkost sé jákvæð. Helsti munurinn á bakgrunnsbreytum sem greindist í gögnunum var að eldri þátttakendur voru mun hrifnari af Borgarfirði en þeir yngri. Þeir sem vinna að atvinnu- og byggðaþróun í Borgarfirði ættu að velta fyrir sér hvort betra sé að nýta sér þessa jákvæðu ímynd og reyna að laða að eldri íbúa eða íhuga leiðir til þess að verða meira aðlaðandi fyrir yngra fólk.

Ímynd Snæfellsness stendur styrkum stoðum, en gott sem allir þátttakendur voru á því að ásýnd þess væri góð og það laust við mengun, og langflestir töldu það vera góðan stað til að ala upp börn á. Einhverja dreifingu mátti greina í gögnunum eftir bakgrunnsbreytum. Til að mynda voru íbúar landshluta sem eru landfræðilega nálægt Vesturlandi líklegri til að finnast ásýnd svæðisins góð og það laust við mengun en íbúar fjarlægari landshluta. Aftur kann það að endurspegla ólíkt gildismat eða kröfur.

Dalir hafa góða ímynd sem búsetuvalkostur en greinilegt var í gögnunum að færri þekktu til þar en á öðrum svæðum á Vesturlandi. Svigrúm er því til meiri kynningar á svæðinu. Það er áhugavert að íbúar í fjarlægari landshlutum telja ásýnd Dala betri en þeir sem búa nær, sem er öfugt miðað við Snæfellsnes. Til dæmis höfðu Vestfirðingar neikvæðasta viðhorfið til ásýndar Dalanna, en sá hópur er jú líklegastur til að keyra í gegnum svæðið reglulega. Eldri þátttakendur höfðu almennt jákvæðari ímynd um Dali sem búsetuvalkost. Þá voru íbúar á höfuðborgarsvæðinu ólíklegri en íbúar á landsbyggðinni til þess að telja Dali góðan stað til að ala upp börn á. Því var í raun öfugt farið með hin svæðin þrjú, íbúar á höfuðborgarsvæðinu virtust horfa til Akraness og nágrennis, Borgarfjarðar og Snæfellsness sem góðs staðar til að ala upp börn á. Má þennan mun væntanlega rekja til þess að foreldrar á höfuðborgarsvæðinu vilji vera í eða nær þéttbýli en hægt væri í Döllum. Í stefnumótun um framtíð Dala mætti ef til vill horfa til þess að höfða frekar til barnafólks utan höfuðborgarsvæðisins sem sækist eftir öðrum gæðum en fást í þéttbýli.

9. Ímynd Vesturlands tengd ferðamennsku

Í þessum kafla verða reifaðar spurningar sem tengjast ímynd svæða á Vesturlandi tengdri ferðamennsku.

Akranes og nágrenni

Í töflu 6 má sjá dreifingu svara um ímynd Akraness og nágrennis tengdri ferðamennsku. Segja má að gróflega skiptist þátttakendur til helminga í afstöðu sinni. Alls sögðu 43,3% það eiga „frekar“ eða „mjög vel“ við að mikið væri af náttúruperlum á Akranesi, 39,5% að svæðið tengdist menningu, 47,6% að afþreyingarmöguleikar væru miklir á ferðalögum, 38,2% að þar væri oft gott veður, 40,0% að þar væru margir áhugaverðir sögustaðir og 49,3% að þar væri gott úrval af veitingastöðum. Í öllum tilfellum voru þó aðeins fleiri sem sögðu þessa þætti ekki eiga vel við Akranes og er það umhugsunarefni fyrir aðila áhugasama um eflingu ferðamennsku á svæðinu.


Þessar sömu spurningar voru einnig lagðar fyrir í skýrslunni frá 2007 og er samanburður á milli ára því mögulegur. Gefur samanburðurinn tilefni til bjartsýni en þá töldu 34,9% að mikið væri af náttúruperlum, 25,7% að svæðið tengdist menningu, 37,3% að þar væru nægir afþreyingarmöguleikar, 29,2% að veður væri gott, 31,3% að þar væru margir áhugaverðir sögustaðir og 20,8% að gott úrval væri af veitingastöðum. Þó enn sé svigrúm til úrbóta hefur ímynd Akraness sem áfangastaðar greinilega batnað (meira að segja veðrið!), en þá sérstaklega hvað varðar úrval af veitingastöðum.

Tafla 6: Ímynd Akraness og nágrennis tengd ferðamennsku

Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Akranes og nágrenni?	Á mjög illa við	Á frekar illa við	Á frekar vel við	Á mjög vel við	Fjöldi	Meðaltal (1-4)
Þar er mikið af náttúruperlum	10.6%	46.1%	36.7%	6.6%	1146	2.39
Svæðið tengist menningu í mínum huga	13.5%	46.9%	33.9%	5.6%	1159	2.32
Afþreyingarmöguleikar á ferðalögum eru miklir	9.8%	42.5%	40.2%	7.4%	1128	2.45
Þar er oft gott veður	14.7%	47.1%	35.2%	3.0%	1106	2.26
Margir áhugaverðir sögustaðir	8.7%	51.2%	33.5%	6.5%	1100	2.38
Gott úrval af veitingastöðum	9.9%	40.9%	43.7%	5.6%	1001	2.45

Þar er mikið af náttúruperlum


Aðeins kyn skilaði marktæku tölfræðiprófi. t -próf óháðra meðaltala sýndi fram á marktækan mun á kynjunum, $t(1119,42)=17,75$, $p<.001$. Konur töldu meira af náttúruperlum á Akranesi og nágrenni en karlar. Sjá meðaltöl á mynd 51.



Mynd 51: „Þar er mikið af náttúruperlum [Akranes og nágrenni]“ greint eftir kyni.

Svæðið tengist menningu í mínum huga


Aðeins aldur skilaði marktæktu tölfræðiprófi samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1150)=16,41$, $p<.001$. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að elsti hópurinn (56 ára og eldri) taldi Akranes og nágrenni frekar tengjast menningu en 18-35 ára ($p<.001$) og 36-55 ára ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á 18-35 ára og 36-55 ára. Sjá meðaltöl á mynd 52.



Mynd 52: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Akranes og nágrenni]“ greint eftir aldri.

Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum


Aðeins kyn skilaði marktæku tölfræðiprófi á þessari spurningu. t -próf óháðra meðaltala sýndi fram á marktækan mun á kynjunum, $t(1127)=-2.84$, $p=.005$. Konur töldu meiri afþreyingarmöguleika á Akranesi og nágrenni en karlar. Sjá meðaltöl á mynd 53.



Mynd 53: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Akranes og nágrenni]“ greint eftir kyni.


Þar er oft gott veður

Landshluti7 breytan skilaði marktækri fervikagreiningu (ANOVA), $F(6,1093)=3,28$, $p=.003$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á Suðurlandi voru marktækt frekar sammála því að gott veður væri á Akranesi og nágrenni en íbúar á Norðurlandi eystra ($p=.013$). Ekki var marktækur munur á meðaltölum annarra landshluta. Sjá meðaltöl á mynd 54.




Mynd 54: „Þar er oft gott veður [Akranes og nágrenni]“ greint eftir landshluta7.

Kyn skilaði einnig marktæku tölfræðiprófi. t -próf óháðra meðaltala sýndi fram á marktækan mun á kynjunum, $t(1108)=-3,61$, $p<.001$. Konur töldu betra veður á Akranesi og nágrenni en karlar. Sjá meðaltöl á mynd 55.



Mynd 55: „Þar er oft gott veður [Akranes og nágrenni]“ greint eftir kyni.


Aldur skilaði marktækri fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1101)=4,43$, $p=.012$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að þátttakendur á aldrinum 56 ára og eldri voru marktækt meira sammála því að gott veður væri á Akranesi og nágrenni ($p=.013$). Ekki var marktækur munur á 18-35 ára og hinum hópunum. Sjá meðaltöl á mynd 56.



Mynd 56: „Þar er oft gott veður [Akranes og nágrenni]“ greint eftir aldri.

Margir áhugaverðir sögustaðir


Aðeins aldur skilaði marktæku tölfræðiprófi samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1081)=7,11$, $p<.001$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því þátttakendur á aldrinum 56 ára og eldri voru marktækt meira sammála því að margir áhugaverðir sögustaðir væru á Akranesi en þátttakendur á aldrinum 18-35 ára ($p<.001$) og 36-55 ára ($p=.017$). Ekki var marktækur munur á 18-35 ára og 36-55 ára. Sjá meðaltöl á mynd 57.



Mynd 57: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Akranes og nágrenni]“ greint eftir aldri.

Gott úrval af veitingastöðum

Aðeins aldur skilaði marktæku tölfræðiprófi hvað varðar þessa spurningu samkvæmt ferkagreiningu (ANOVA), $F(2,993)=6,03$, $p=.002$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að þátttakendur á aldrinum 56 ára og eldri voru marktækt meira sammála staðhæfingunni en 36-55 ára ($p=.002$). Ekki var marktækur munur á 18-35 ára og hinum hópunum. Sjá meðaltöl á mynd 58.



Mynd 58: „Gott úrval af veitingastöðum [Akranes og nágrenni]“ greint eftir aldri.

Borgarfjörður

Í töflu 7 má sjá dreifingu svara yfir spurningar um ímynd Borgarfjarðar tengdri ferðamennsku. Heilt yfir má segja að svæðið komi vel út. 97% sögðu það eiga „frekar“ eða „mjög vel“ við að í Borgarfirði væri mikið af náttúruperlum, 85,4% að svæðið tengdist menningu, 88,6% að afþreyingarmöguleikar væru miklir, 85,2% að þar væri oft gott veður, 94,1% að margir áhugaverðir sögustaðir væru á svæðinu og 58,0% að gott úrval væri af veitingastöðum á svæðinu. Það er greinilegt að síðsta atriðið ætti að vera mesta umhugsunarefnið fyrir ferðaþjónustuaðila í Borgarfirði og þá sem vinna að atvinnuþróun á svæðinu, en blendin viðhorf til úrvals veitingastaða skera sig úr annars nokkuð yfirgnæfandi jákvæðum viðhorfum.


Þessar niðurstöður eru í takt við niðurstöðurnar frá 2007 að ýmsu leyti. Árið 2007 töldu 96,8% að mikið væri af náttúruperlum í Borgarfirði, 74,0% að svæðið tengdist menningu, 87,6% að þar væru nægir afþreyingarmöguleikar, 82,0% að þar væri oft gott veður og 90,9% að þar væri að finna áhugaverða sögustaði. Mikil breyting hefur þó orðið á viðhorfi til úrvals veitingastaða en árið 2007 töldu aðeins 33,9% að nægt úrval væri af þeim. Að því leyti hefur ímynd Borgarfjarðar sem áfangastaðar batnað.

Tafla 7: Ímynd Borgarfjarðar tengd ferðamennsku

Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Borgarfjörð?	Á mjög illa við	Á frekar illa við	Á frekar vel við	Á mjög vel við	Fjöldi	Meðaltal (1-4)
Þar er mikið af náttúruperlum	1,0%	2,0%	30,5%	66,5%	1225	3,63
Svæðið tengist menningu í mínum huga	2,7%	11,9%	46,6%	38,8%	1210	3,21
Afþreyingarmöguleikar á ferðalögum eru miklir	1,4%	10,0%	49,7%	38,9%	1212	3,26
Þar er oft gott veður	1,3%	13,5%	60,1%	25,1%	1193	3,09
Margir áhugaverðir sögustaðir	1,1%	4,9%	44,1%	50,0%	1214	3,43
Gott úrval af veitingastöðum	5,3%	36,8%	48,9%	9,1%	1140	2,62


Þar er mikið af náttúruperlum

Ekki mældist marktækur munur á landshluti3 eða landshluti7. t -próf óháðra meðaltala leiddi þó í ljós marktækan mun á kynjunum, $t(1209,73)=-2.73$, $p=.006$. Konum fannst vera fleiri náttúruperlur í Borgarfirði en körlum, sjá meðaltöl á mynd 59.




Mynd 59: „Þar er mikið af náttúruperlum [Borgarfjörður]“ greint eftir kyni.

Samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1201)=10,44$, $p<.001$, var marktækur munur á viðhorfi þátttakenda til fjölda náttúruperla í Borgarfirði eftir aldurshópum. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að þátttakendur á aldrinum 36-55 ára ($p=.019$) og 56 ára og eldri ($p<.001$) voru líklegri til að finna margar náttúruperlur í Borgarfirði en þátttakendum 18-35 ára. Ekki var marktækur munur á viðhorfum 36-55 ára og 56 ára og eldri. Sjá meðaltöl á mynd 60.



Mynd 60: „Þar er mikið af náttúruperlum [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.


t -próf óháðra meðaltala leiddi einnig í ljós marktækan mun á því hvort þátttakendur hefðu búið á Vesturlandi eða ekki (já vs. nei), $t(489,96)=6,11$, $p<.001$, sjá mynd 61.



Mynd 61: „Þar er mikið af náttúruperlum [Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.


Svæðið tengist menningu í mínum huga

Ekki mældist marktækur munur á viðhorfi til þessarar spurningar eftir landshluti3 eða landshluti7 breytunum eða kyni. Samkvæmt ferkagreiningu (ANOVA), $F(2,1190)=19,83$, $p<.001$, var marktækur munur á viðhorfi þátttakenda eftir aldurshópum. Tukey eftiraprófið leiddi í raun í ljós línulegt samband eftir aldri, elsti aldurshópurinn var mest sammála því að Borgarfjörður tengdist menningu í sínum huga en sá yngstri minnst (öll $p<.01$). Meðaltöl má sjá á mynd 62.



Mynd 62: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.


t-próf óháðra meðaltala leiddi einnig í ljós marktækan mun á meðaltölum þátttakenda sem höfðu búið á Vesturlandi (já vs. nei), $t(1206)=4,19$, $p<.001$. Þátttakendur sem höfðu búið á Vesturlandi töldu svæðið frekar tengjast menningu. Meðaltöl má sjá á mynd 63.



Mynd 63: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.


Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum

Samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(2,1201)=3,14$, $p=.044$, var marktækur munur á viðhorfi þátttakenda eftir landshluta3 breytunni. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra töldu meiri afþreyingarmöguleika í Borgarfirði en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ($p=.042$). Sjá meðaltöl á mynd 64.




Mynd 64: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Borgarfjörður]“ greint eftir landshluta3.

t-próf óháðra meðaltala leiddi í ljós marktækan mun á kynjunum, $t(1206)=-2,35$, $p=.019$. Konur töldu meiri afþreyingarmöguleika í Borgarfirði en karlar. Sjá meðaltöl á mynd 65.




Mynd 65: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Borgarfjörður]“ greint eftir kyni.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1194)=18,53$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á aldurshópum. Tukey eftiraprófið leiddi í raun í ljós línulegt samband eftir aldri, elsti aldurshópurinn var mest sammála því að Borgarfjörður tengdist afþreyingarmöguleikum í sínum huga en sá yngsti minnst (öll $p<.05$). Sjá meðaltöl á mynd 66.



Mynd 66: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.


t -próf óháðra meðaltala leiddi í ljós marktækan mun á þátttakendum eftir fyrri búsetu á Vesturlandi (já vs. nei), $t(1208)=3,03$, $p=.002$. Þátttakendur sem höfðu áður búið á Vesturlandi töldu meiri afþreyingarmöguleika á Vesturlandi en þátttakendur sem höfðu ekki búið á Vesturlandi. Sjá meðaltöl á mynd 67.



Mynd 67: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.


Þar er oft gott veður

Ekki var marktækur munur á hópum eftir landshluti3 breytunni eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Hinsvegar leiddi ferkagreiðing (ANOVA), $F(6,1178)=2,20$, $p=.040$, í ljós marktækan mun eftir landshluti7. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á Suðurlandi voru marktækt líklegri til að segja að það væri gott veður í Borgarfirði en íbúar á Norðurlandi eystra ($p=.031$), sjá meðaltöl á mynd 68.




Mynd 68: „þar er oft gott veður [Borgarfjörður]“ greint eftir landshluta7.

t -próf óháðra meðaltala leiddi í ljós marktækan mun á kynjum ($t(1186)=-2,88, p=.002$). Konur töldu betra veður í Borgarfirði ($p=.004$). Sjá meðaltöl á mynd 69.



Mynd 69: „þar er oft gott veður [Borgarfjörður]“ greint eftir kyni.


Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1171)=21,76, p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun eftir aldri. Tukey eftiraprófið leiddi í raun í ljós línulegt samband eftir aldri, því eldri sem þátttakendur voru því líklegri voru þeir til að vera sammála því að það væri gott veður í Borgarfirði (öll $p<.05$). Sjá meðaltöl á mynd 70.



Mynd 70: „Þar er oft gott veður [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.


Margir áhugaverðir sögustaðir

Ekki mældist marktækur munur á svörum við þessari spurningu eftir landshluti 3, landshluti 7 eða kyni. Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1186)=37,12$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun eftir aldri. Tukey eftiráprófið leiddi í raun í ljós línulegt samband eftir aldri, því eldri sem þátttakendur voru því líklegri voru þeir til að vera sammála því að það væru margir áhugaverðir sögustaðir í Borgarfirði (öll $p<.01$). Sjá meðaltöl á mynd 71.



Mynd 71: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.


Þá sýndi t -próf óháðra meðaltala, $t(1210)=3,88$, $p<.001$, marktækan mun á þátttakendum eftir fyrri búsetu á Vesturlandi (já vs. nei). Þátttakendur sem höfðu búið á Vesturlandi töldu fleiri áhugaverða sögustaði í Borgarfirði en þátttakendur sem höfðu ekki búið á Vesturlandi ($p<.001$). Sjá meðaltöl á mynd 72.



Mynd 72: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Borgarfjörður]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.

Gott úrval af veitingastöðum

Ekki var marktækur munur á svörum þátttakenda eftir landshluta3, landshluta7, kyni eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Hinsvegar sýndi fervikagreining (ANOVA), $F(2,1131)=14,33$, $p<.001$, að marktækur munur var á svörum þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að í raun var línulegt samband milli aldurs og þess að finnast gott úrval af veitingastöðum í Borgarfirði, því eldri sem þátttakendur voru því meira voru þeir sammála um að úrvalið væri gott (öll $p<.05$). Sjá meðaltöl á mynd 73.



Mynd 73: „Gott úrval af veitingastöðum [Borgarfjörður]“ greint eftir aldri.

Snæfellsnes

Í töflu 8 má sjá dreifingu svara um ímynd Snæfellsness tengdri ferðamennsku. Óhætt er að fullyrða að svæðið fái góða umsögn. 99% töldu það eiga „frekar“ eða „mjög vel“ við um Snæfellsnes að þar væru margar náttúruperlur, 81,4% að svæðið tengdist menningu, 90,8% að afþreyingarmöguleikar væru miklir, 62,5% að veður væri gott, 93,1% að margir áhugaverðir sögustaðir væru á svæðinu og 68,3% að úrval veitingastaða væri gott.


Sé gerður samanburður við niðurstöður frá 2007 er myndin áþekk. Þá sögðu 99,1% að á Snæfellsnesi væri mikið af náttúruperlum, 63,5% að svæðið tengdist menningu, 89,9% að miklir afþreyingarmöguleikar væru til staðar, 65,4% að þar væri gott veður og 86,3% að margir áhugaverðir sögustaðir væru á svæðinu. Framfarir hafa orðið í viðhorfum hvað varðar veitingastaði en árið 2007 töldu aðeins 43,8% að úrval þeirra væri nóg.

Tafla 8: Ímynd Snæfellsness tengd ferðamennsku

Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Snæfellsnes?	Á mjög illa við	Á frekar illa við	Á frekar vel við	Á mjög vel við	Fjöldi	Meðaltal (1-4)
Þar er mikið af náttúruperlum	0,3%	0,7%	17,6%	81,4%	1225	3,80
Svæðið tengist menningu í mínum huga	1,9%	16,7%	45,8%	35,6%	1192	3,15
Afþreyingarmöguleikar á ferðalögum eru miklir	0,8%	8,3%	46,4%	44,4%	1200	3,34
Þar er oft gott veður	3,2%	34,3%	48,8%	13,7%	1165	2,73
Margir áhugaverðir sögustaðir	0,5%	6,4%	48,8%	44,3%	1200	3,37
Gott úrval af veitingastöðum	3,2%	28,4%	53,2%	15,1%	1112	2,80


Þar er mikið af náttúruperlum

Ekki mældust marktækt áhrif af landshluta⁷. Hinsvegar sýndi fervikagreining (ANOVA), $F(2,1214)=4,51$, $p=.011$, að marktækur munur var á svörum þátttakenda eftir landshluta³. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu töldu fleiri náttúruperlur á Snæfellsnesi en íbúar annarra landshluta ($p=.008$). Sjá meðaltöl á mynd 74. Athugið að hópastærðir eru ójafnar og líklega hefði verið marktækur munur á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og höfuðborgarsvæðinu ef stærra úrtak hefði verið frá fyrrnefnda hópnum.




Mynd 74: „Þar er mikið af náttúruperlum [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta3.

Þá sýndi t -próf óháðra meðaltala, $t(1212,11)=-2,58$, $p=.010$, að marktækur munur var kynjunum í afstöðu til þessarar spurningar. Konur voru líklegri til þess að finna mikið af náttúruperlum á Snæfellsnesi, sjá meðaltöl á mynd 75.




Mynd 75: „Þar er mikið af náttúruperlum [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1199)=3,45$, $p=.032$, sýndi marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að þátttakendur 18-35 ára voru marktækt líklegri til að segja að mikið væri af náttúruperlum á Snæfellsnesi en þátttakendur 36-55 ára ($p=.046$). Ekki var marktækur munur á elsta aldurshópnum, 56 ára og eldri, og hinum aldurshópnum.



Mynd 76: „Þar er mikið af náttúruperlum [Snæfellsnes]“ greint eftir aldri.


t -próf óháðra meðaltala, $t(1220)=2,35$, $p=.019$, sýndi að marktækur munur var á afstöðu þátttakenda eftir fyrri búsetu á Vesturlandi (já vs. nei). Þátttakendur sem höfðu áður búið á Vesturlandi töldu fleiri náttúruperlum á Snæfellsnesi en þátttakendur sem höfðu ekki búið á Vesturlandi ($p=.006$), sjá meðaltöl á mynd 77.



Mynd 77: „Þar er mikið af náttúruperlum [Snæfellsnes]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.


Svæðið tengist menningu í mínum huga

Ekki var marktækur munur á afstöðu til þessarar spurningar eftir landshluta3, aldri eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Fervikagreining (ANOVA), $F(6,1177)=2,59$, $p=.017$, sýndi marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta7. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á Suðurlandi voru marktækt meira á því að Vesturland tengdist menningu en íbúar á Austurlandi ($p=.029$). Ekki var marktækur munur á öðrum meðaltölum, sem má sjá á mynd 78.



Mynd 78: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluti.


t-próf óháðra meðaltala, $t(1189) = -3,43$, $p < .001$, sýndi að marktækur munur var á afstöðu kynjanna. Konur töldu Snæfellsnes frekar tengjast menningu en karlar ($p < .001$), sjá meðaltöl á mynd 79.



Mynd 79: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.


Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum

Ekki var marktækur munur á afstöðu til þessarar spurningar eftir landshluta³, aldri eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Fervikagreining (ANOVA), $F(6,1185)=2,61$, $p=.016$, sýndi marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta⁷. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á Suðurlandi voru marktækt meira á því að Snæfellsnes byggji yfir afþreyingarmöguleikum en íbúar á Austurlandi ($p=.029$). Ekki var marktækur munur á öðrum meðaltölum, sem má sjá á mynd 80.



Mynd 80: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluti⁷.


t -próf óháðra meðaltala, $t(1195)=-3,69$, $p<.001$, sýndi að marktækur munur var á afstöðu kynjanna. Konur töldu meiri afþreyingarmöguleika á Snæfellsnesi en karlar ($p<.001$), sjá meðaltöl á mynd 81.



Mynd 81: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.


Þar er oft gott veður

Ekki mældist marktækur munur á viðhorfum þátttakenda eftir landshluti3 breytunni, aldri eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Hinsvegar leiddi fervikagreining (ANOVA), $F(6,1150)=3,78$, $p<.001$, í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta7. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu höfðu jákvæðara viðhorf til veðurfars á Snæfellsnesi en íbúar á Norðurlandi eystra ($p=.016$), og íbúar á Suðurlandi höfðu einnig jákvæðara viðhorf til veðurfars á Snæfellsnesi en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ($p=.002$). Sjá meðaltöl á mynd 82.



Mynd 82: „Þar er oft gott veður [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta7.


t -próf óháðra meðaltala, $t(1163)=-4,82$, $p<.001$, sýndi að marktækur munur var á afstöðu kynjanna. Konur töldu betra veður á Snæfellsnesi en karlar ($p<.001$), sjá meðaltöl á mynd 83.



Mynd 83: „Þar er oft gott veður [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.


Margir áhugaverðir sögustaðir

Ekki mældist marktækur munur eftir landshluta3 breytunni eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Hinsvegar leiddi ferkaggreining (ANOVA), $F(6,1185)=3,39$, $p=.003$, í ljós að marktækur munur var eftir landshluta7 breytunni. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á Suðurlandi voru marktækt frekar sammála því að margir áhugaverðir sögustaðir væru á Snæfellsnesi en íbúar á Norðurlandi eystra ($p<.001$) og Austurlandi ($p=.025$). Ekki var marktækur munur á öðrum landshlutum, sjá meðaltöl á mynd 84.




Mynd 84: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Snæfellsnes]“ greint eftir landshluta⁷.

Þá sýndi *t*-próf óháðra meðaltala, $t(1197) = -2,71$, $p = .003$, að marktækur munur var á viðhorfum kynjanna til þessarar spurningar. Konum fannst fleiri áhugaverðir sögustaðir á Snæfellsnesi en körlum, sjá meðaltöl á mynd 85.



Mynd 85: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Snæfellsnes]“ greint eftir kyni.


Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1174) = 5,67$, $p = .004$, sýndi marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiráprófið sýndi að marktækur munur var á viðhorfum aldurshópsins 56 ára og eldri og 18-35 ára ($p = .004$) og 36-55 ára ($p = .040$). Það þýðir að elsti hópurinn var frekar á því að margir áhugaverðir sögustaðir væru á Snæfellsnesi en yngri aldurshóparnir. Ekki var marktækur munur á 18-35 ára og 36-55 ára. Sjá meðaltöl á mynd 86.



Mynd 86: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Snæfellsnes]“ greint eftir aldri.


Gott úrval af veitingastöðum

Ekki mældist marktækur munur á svörum þátttakenda við þessari spurningu eftir landshluta3 breytunni, landshluta7 breytunni eða kyni. Fervikagreining leiddi hinsvegar í ljós marktækan mun út frá aldursflokkum, (ANOVA), $F(2,1087)=10,93$, $p<.001$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að þátttakendur í aldursflokknum 56 ára og eldri voru marktækt ánægðari með úrval af veitingastöðum á Snæfellsnesi en 18-35 ára ($p<.001$) og 36-55 ára ($p=.002$). Ekki var marktækur munur á viðhorfum 18-35 ára og 36-55 ára. Meðaltöl má sjá á mynd 87.



Mynd 87: „Gott úrval af veitingastöðum [Snæfellsnes]“ greint eftir aldri.

Einnig leiddi t -próf óháðra meðaltala, $t(1108)=2,95$, $p=.003$, í ljós að marktækur munur var á afstöðu til úrvals af veitingastöðum á Snæfellsnesi eftir fyrri búsetu á Vesturlandi (já vs. nei). Þátttakendur sem höfðu búið á Vesturlandi voru frekar á því að gott úrval væri af veitingastöðum á Snæfellsnesi en þeir sem ekki höfðu búið á Vesturlandi.



Mynd 88: „Gott úrval af veitingastöðum [Snæfellsnes]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.

Dalir

Í töflu 9 má sjá dreifingu svara við spurningum um ímynd Dala tengdri ferðamennsku. Nokkur atriði koma vel út. 77,6% sögðu það eiga „frekar“ eða „mjög vel“ við Dali að þar væri mikið af náttúruperlum, 68,5% að svæðið tengdist menningu, 80,3% að þar væru margir áhugaverðir sögustaðir og 75,0% að þar væri oft gott veður. Ímynd Dala sem fallegs svæðis með menningu og sögu stendur því styrkum fótum. Athygli vekur að fleiri telja gott veður í Dölum en á Akranesi og Snæfellsnesi, og er það mögulega atriði sem má nota í markaðsefni. Hinsvegar segja aðeins 47,6% að afþreyingarmöguleikar séu miklir og 19,5% að gott úrval sé af veitingastöðum. Leiða má líkur að því að góður jarðvegur sé til þess að auka afþreyingu og úrval veitingastaða út frá því að heilt yfir hafi Dalirnir sterka ímynd sem sögulegt og fallett svæði. Hér er þó enn settur fram sá fyrirvari að svarhlutfall spurninga um Dali var lægra en fyrir hin svæðin, líklega vegna þess að fólk þekkti ekki til.

Séu niðurstöður bornar saman við gögn frá árinu 2007 málast upp nokkuð svipuð mynd. Þá töldu 71,7% að í Dölum væru margar náttúruperlur, 48,6% að það tengdist menningu, 66,7% að þar væri gott veður, 73,9% að margir áhugaverðir sögustaðir væru á svæðinu, 43,8% af afþreyingarmöguleikar væru miklir og 8,6% að úrval veitingastaða væri gott. Því er hægt að draga þá ályktun að ekki hafi orðið miklar framfarir á ímynd Dala hvað varðar afþreyingu þó ímyndin hafi batnað nokkuð hvað varðar úrval veitingastaða.


Tafla 9: Ímynd Dala tengd ferðamennsku

Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Dali?	Á mjög illa við	Á frekar illa við	Á frekar vel við	Á mjög vel við	Fjöldi	Meðaltal (1-4)
Þar er mikið af náttúruperlum	3,1%	19,2%	51,6%	26,0%	3,01	1060
Svæðið tengist menningu í mínum huga	7,1%	24,5%	45,6%	22,9%	2,84	1063
Afþreyingarmöguleikar á ferðalögum eru miklir	9,5%	42,9%	37,2%	10,4%	2,48	1042
Þar er oft gott veður	3,2%	21,8%	63,6%	11,4%	2,83	1027
Margir áhugaverðir sögustaðir	3,4%	16,2%	50,3%	30,0%	3,07	1055
Gott úrval af veitingastöðum	25,8%	54,7%	17,9%	1,6%	1,95	944

Þar er mikið af náttúruperlum

Ekki mældust marktækt áhrif af landshluta3, kyni, aldri eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Aðeins landshluti7 hafði marktæk áhrif samkvæmt fervikagreiningu (ANOVA), $F(6,1047)=3,21$, $p=.004$. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á Suðurlandi ($p=.028$) og Suðurnesjum ($p=.013$) voru marktækt meira sammála því að

mikið væri af náttúruperlum í Dölum en íbúar á Vestfjörðum. Ekki mældist marktækur munur á meðaltölum annarra landshluta. Sjá meðaltöl á mynd 89.




Mynd 89: „Þar er mikið af náttúruperlum [Dalir]“ greint eftir landshluta7.

Svæðið tengist menningu í mínum huga


Ekki var marktækur munur á afstöðu til þessarar spurningar út frá kyni.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1053)=5,71$, $p=.003$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu út frá landshluta3. Tukey eftiraprófið sýndi að munurinn lá í því að íbúar annarra landshluta töldu frekar en íbúar höfuðborgarsvæðisins að Dalir tengdust menningu ($p=.002$). Ekki var marktækur munur á afstöðu íbúa á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og annarra landshluta. Meðaltöl má sjá á mynd 90.




Mynd 90: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Dalir]“ greint eftir landshluti3.

Fervikagreining (ANOVA), $F(6,1049)=2,90$, $p=.008$, leiddi einnig í ljós marktækan mun á afstöðu út frá landshluta7. Tukey eftiráprófið sýndi að munurinn lá í því að íbúar Norðurlands vestra ($p=.029$) og Norðurlands eystra ($p=.046$) tengdu Dali frekar við menningu en íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Meðaltöl má sjá á mynd 91.




Mynd 91: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Dalir]“ greint eftir landshluti7.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1009)=33,61$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldursflokkum. Tukey eftiráprófið leiddi í raun í ljós línulegt samband milli aldurs og þess að tengja Dali við menningu, því eldri sem þátttakendur voru því meira tengdu þeir svæðið við menningu (öll $p<.001$).



Mynd 92: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Dalir]“ greint eftir aldri.

Einnig leiddi t -próf óháðra meðaltala, $t(1059)=2,41$, $p=.016$, í ljós að marktækur munur var á afstöðu þátttakenda eftir fyrri búsetu á Vesturlandi (já vs. nei). Þátttakendur sem höfðu búið á Vesturlandi voru frekar á því að Dalir tengdust menningu í sínum huga en þeir sem ekki höfðu búið á Vesturlandi. Meðaltöl má sjá á mynd 93.




Mynd 93: „Svæðið tengist menningu í mínum huga [Dalir]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.

Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum


Ekki var marktækur munur á afstöðu þátttakenda til þessarar spurningar eftir kyni eða fyrri búsetu á Vesturlandi.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1033)=12,07$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu töldu minni afþreyingarmöguleika í Döllum en íbúar annarra landshluta ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og íbúum annarra landshluta. Sjá meðaltöl á mynd 94.




Mynd 94: „Afpreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Dalir]“ greint eftir landshluti³.

Fervikagreining (ANOVA), $F(6,1029)=5,05$, $p<.001$, leiddi einnig í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta⁷. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu töldu minni afþreyingarmöguleika í Döllum en íbúar á Norðurlandi eystra ($p<.001$), Austurlandi ($p=.045$) og Suðurlandi ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á öðrum meðaltölum. Sjá meðaltöl á mynd 95.



Mynd 95: „Afpreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Dalir]“ greint eftir landshluta⁷.


Fervikagreining (ANOVA), $F(2,989)=10,67$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að þátttakendur 56 ára og eldri voru marktækt meira sammála því að afþreyingarmöguleikar væru miklir í Dölum en þátttakendur 18-35 ára ($p<.001$) og þátttakendur 36-55 ára ($p=.014$). Ekki var marktækur munur á 18-35 ára og 36-55 ára. Sjá meðaltöl á mynd 96.



Mynd 96: „Afþreyingarmöguleikar eru miklir á ferðalögum [Dalir]“ greint eftir aldri.


Þar er oft gott veður

Ekki var marktækur munur á afstöðu þátttakenda eftir kyni eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1018)=9,52$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluti. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar annarra landshluta töldu betra veður í Dölum en íbúar Vestfjarða og Norðurlands vestra ($p=.009$) og höfuðborgarsvæðsins ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á viðhorfum íbúa á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Sjá meðaltöl á mynd 97.




Mynd 97: „Þar er oft gott veður [Dalir]“ greint eftir landshluta.

Fervikagreining (ANOVA), $F(6,1014)=4,94$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta7. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós eftirfarandi: Íbúar á Suðurnesjum töldu betra veður í Dölum en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ($p=.008$) og Vestfjörðum ($p=.002$). Sama gildi um íbúa Suðurlands, en þeir töldu einnig betra veður í Dölum en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ($p=.027$) og Vestfjörðum ($p=.010$). Íbúar á Norðurlandi eystra töldu betra veður í Dölum en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ($p=.032$) og Vestfjörðum ($p=.016$). Sjá meðaltöl á mynd 98.



Mynd 98: „Þar er oft gott veður [Dálir]“ greint eftir landshluta7.


Fervikagreining (ANOVA), $F(2,972)=9,40$, $p<.001$, leiddi einnig í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að 56 ára og eldri töldu betra veður í Dölum en 18-35 ára ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á 36-55 ára og hinum hópunum. Meðaltöl má sjá á mynd 99.



Mynd 99: „þar er oft gott veður [Dalir]“ greint eftir aldri.


Margir áhugaverðir sögustaðir

Ekki greindist marktækur munur á viðhorfum þátttakenda til þessarar spurningar eftir landshluta3, landshluta7 eða kyni. Fervikagreining (ANOVA), $F(2,998)=29,14$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að í raun var línulegt samband milli þess að finnast margir áhugaverðir sögustaðir í Dölum og aldri, því eldri sem þátttakendur voru því líklegri voru þeir til að finnast margir áhugaverðir sögustaðir vera í Dölum (öll $p<.05$). Meðaltöl má sjá á mynd 100.



Mynd 100: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Dalir]“ greint eftir aldri.

Einnig leiddi t-próf óháðra meðaltala, $t(1052)=2,95$, $p=.003$, í ljós að marktækur munur var á afstöðu til þátttakenda eftir fyrri búsetu á Vesturlandi (já vs. nei). Þátttakendur sem höfðu búið á Vesturlandi voru frekar á því að margir áhugaverðir sögustaðir væru í Döllum en þeir sem ekki höfðu búið á Vesturlandi. Meðaltöl má sjá á mynd 101.




Mynd 101: „Margir áhugaverðir sögustaðir [Dalir]“ greint eftir fyrri búsetu á Vesturlandi.

Gott úrval af veitingastöðum


Ekki var marktækur munur á viðhorfum þátttakenda eftir kyni eða fyrri búsetu á Vesturlandi.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,985)=19,62$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta3. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að íbúar annarra landshluta voru frekar á því að gott úrval væri af veitingastöðum í Döllum en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ($p<.001$) og Vestfjörðum og Norðurlandi vestra ($p=.018$). Þá voru íbúar á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra frekar á því að gott úrval væri af veitingastöðum í Döllum en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ($p=.046$). Meðaltöl má sjá á mynd 102.




Mynd 102: „Gott úrval af veitingastöðum [Dalir]“ greint eftir fyrri landshluta3.

Fervikagreining (ANOVA), $F(6,981)=9,19$, $p<.001$, leiddi einnig í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta7. Tukey eftiráprófið sýndi að íbúar á höfuðborgarsvæðinu töldu verra úrval af veitingastöðum í Dölum en íbúar á Norðurlandi vestra ($p=.002$), Norðurlandi eystra ($p<.001$), Austurlandi ($p<.001$) og Suðurlandi ($p<.001$). Þá töldu íbúar á Vestfjörðum verra úrval veitingastaða í Dölum en íbúar á Norðurlandi vestra ($p=.020$), Norðurlandi eystra ($p=.004$), Austurlandi ($p<.001$) og Suðurlandi ($p=.006$). Meðaltöl má sjá á mynd 103.



Mynd 103: „Gott úrval af veitingastöðum [Dalir]“ greint eftir fyrri landshluta7.


Fervikagreining (ANOVA), $F(6,981)=9,19$, $p<.001$, leiddi einnig í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiráprófið sýndi að þátttakendur 56 ára og eldri töldu betra úrval af veitingastöðum í Dölum en 18-35 ára ($p<.001$) og 36-55 ára ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á afstöðu 18-35 ára og 36-55 ára. Meðaltöl má sjá á mynd 104.



Mynd 104: „Gott úrval af veitingastöðum [Dalir]“ greint eftir aldri.

Ferðalag um Vesturland


Nýrri spurningu var bætt við um Vesturland í heild sem áfangastað, sem ekki var spurt um árið 2007. Spurningin hljóðaði svo: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað?“. Heilt yfir voru þátttakendur á því að frekar líklegt væri að þeir myndu velja Vesturland sem áfangastað ($M=7,05$, $SD=2,15$). Dreifingu svara má sjá á mynd 105.



Mynd 105: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað?“ (N=1257)


Svör við þessari spurningu voru síðan greind eftir sömu bakgrunnsspurningum og hafa verið notaðar í öðrum greiningum. Ekki var marktækur munur á landshluti3 eða fyrri búsetu á Vesturlandi.

Fervikagreining (ANOVA), $F(6,1242)=2,43$, $p=.024$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda á landshluti7 breytunni. Tukey eftiráprófið sýndi að munurinn lá í því að íbúar Suðurlandi voru líklegri til þess að íhuga frí eða ferðalag á Vesturlandi en íbúar á Vestfjörðum ($p=.008$). Ekki var marktækur munur á öðrum meðaltölum. Sjá mynd 106.




Mynd 106: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað?“ greint eftir landshluta7.

Einnig leiddi t-próf óháðra meðaltala, $t(1252)=-3,27$, $p<.001$, í ljós að marktækur munur var á afstöðu kynjanna. Konur voru líklegri en karlar til þess að íhuga ferðalag um Vesturland. Meðaltöl má sjá á mynd 107.



Mynd 107: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað?“ greint eftir kyni.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1248)=10,27$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiraprófið sýndi að munurinn lá í því að þátttakendur 56 ára og eldri voru marktækt líklegri en 18-35 ára ($p<.001$) og 36-55 ára ($p=.014$) til þess að íhuga ferðalag um Vesturland. Ekki var marktækur munur á afstöðu 18-35 ára og 36-55 ára. Sjá meðaltöl á mynd 108.



Mynd 108: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað?“ greint eftir aldri.

Samantekt

Í þessum kafla hefur ímynd svæða innan Vesturlands tengd ferðaþjónustu verið greind og einnig tekin ákveðin stikkprufa á Vesturlandi í heild sem áfangastað. Helstu niðurstöður eru reifaðar hér neðar.

Akranes og nágrenni

Í grófum dráttum má segja að þátttakendur hafi skipst til helminga í því að finnast Akranes aðlaðandi áfangastaður ferðamanna. Til dæmis var ekki samdóma álit hvort mikið væri af náttúruþerlum á Akranesi (43,3% voru sammála því). Þetta skapar áhugaverðan samanburð við niðurstöður úr kafla 3 (þar sem opin svör voru greind) sem leiddu í ljós að ímynd Akraness sé nú tengd náttúru, náttúruþerlum og útivist frekar en iðnaði og atvinnulífi (eins og var árið 2007). Því má leiða líkur að því að Akranes sé nú í því ferli að breyta ímynd sinni og að ímynd svæðisins sem áfangastaðar ferðamanna sé enn nokkuð ómótuð, þó jákvæð merki séu vissulega á lofti og tækifæri til að vekja enn meiri athygli á náttúruþerlum og útivistarmöguleikum í nágrenninu.

Borgarfjörður

Þátttakendur höfðu sérstaklega jákvæð viðhorf til Borgarfjarðar hvað varðar fjölda náttúruþerla, menningu, sögu, afþreyingarmöguleika og jafnvel veður. Einn þáttur skar sig þó úr og það var úrval veitingastaða á svæðinu, sem 58,0% voru mjög eða frekar ánægð með. Þær niðurstöður ríma nokkuð vel við niðurstöður úr kafla 3 þar sem kom fram nokkur óánægja með skort á þjónustu við ferðamenn í Borgarfirði. Að lokum ber að geta þess að út frá þeim greiningum á spurningum í þessum kafla höfðu eldri þátttakendur jákvæðari ímynd af Borgarfirði sem áfangastað en yngri þátttakendur. Einnig hafði svæðið almennt jákvæðari ímynd hjá konum en körlum.

Snæfellsnes

Ímynd Snæfellsness sem ferðamannastaðar er mjög sterk en líkt og á við um Borgarfjörð var úrval veitingastaða sá þáttur sem kom hvað síst út. Þó ber að hafa í huga að 68,3% svarenda töldu úrvalið á Snæfellsnesi gott, sem verður að teljast góð niðurstaða. Eldri þátttakendur og konur höfðu jákvæðari ímynd af Snæfellsnesi sem ferðamannastað. Einnig komu fram vísbendingar um að höfuðborgarbúar og Sunnlendingar væru sérstaklega hrifnir af Snæfellsnesi. Þó ekki sé gott að geta sér til um ástæður þessara niðurstaðna má hafa þær til hliðsjónar í markaðsstarfi.

Dalir

Ímynd Dala er sterk þegar kemur að náttúru, menningu, sögustöðum og veðursæld hjá þeim sem svöruðu spurningunum um svæðið. Afþreyingarmöguleikar á ferðalögum og úrval veitingastaða komu síður út. Hinsvegar má vera að helstu niðurstöðurnar liggi í því sem er ekki sagt. Um 20% þátttakenda kusu að svara ekki þessum spurningum um Dali, líklega vegna þekkingarleysis á svæðinu. Hið jákvæða er hinsvegar að þeir sem þekkja til Dala hafa almennt jákvæða ímynd af þeim sem ferðamannastað hvað varðar ýmsa þætti, og er það góður grunnur að byggja á.

Vesturland í heild

Einni nýrri spurningu var bætt við þennan kafla miðað við skýrsluna frá 2007: „Ímyndaðu þér að þú sért að skipuleggja næsta frí eða ferðalag innanlands. Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög ólíklegt og 10 er mjög líklegt, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú veljir Vesturland sem áfangastað“. Heilt yfir voru þátttakendur á því að frekar líklegt væri að þeir myndu velja Vesturland sem áfangastað, en algengasta gildið var 8 og meðaltalið rúmlega 7. Í samræmi við það sem kemur fram að ofan voru konur og eldra fólk líklegra til að íhuga Vesturland sem áfangastað. Ekki greindist mikill munur milli landshluta, nema sá að Sunnlendingar voru jákvæðastir í garð ferðalags um Vesturland þó það væri aðeins marktækur munur samanborið við Vestfirðinga (sem sjálfir hafa líklega fengið nóg af


því að keyra um Vesturland í gegnum tíðina). Í framtíðar markaðsvinnu um innlenda ferðamenn mætti ef til vill íhuga Sunnlendinga sem sérstakan markhóp.

10. Ímynd Vesturlands sem samfélags

Í þessum kafla eru teknar fyrir nokkrar spurningar sem gefa vísbendingar um hvernig þátttakendur skynja Vesturland sem samfélag utan frá, en ekki sem væntanlegan áfangastað eða búsetuvalkost. Er hugmyndin með þessum spurningum að kafa örlítið dýpra og sjá hvernig samfélag íbúar annars staðar á landinu sjá fyrir sér að samfélagið sé á Vesturlandi.

Ímynd Vesturlands heilt yfir


Þátttakendur voru spurðir eftirfarandi spurningar: „Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög neikvæð og 10 er mjög jákvæð, hversu jákvæð eða neikvæð er ímynd þín af Vesturlandi heilt yfir?“ Fullyrða má að ímynd þátttakenda af Vesturlandi sé nokkuð jákvæð ($M=7,69$, $SD=1,39$). Dreifingu svara má sjá í mynd 107.



Mynd 109: „Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög neikvæð og 10 er mjög jákvæð, hversu jákvæð eða neikvæð er ímynd þín af Vesturlandi heilt yfir?“ (N=1255)


Svör við þessari spurningu voru síðan greind eftir sömu bakgrunnsspurningum og hafa verið notaðar í öðrum greiningum. Ekki var marktækur munur á landshluti3 eða fyrri búsetu á Vesturlandi.

Fervikagreining (ANOVA), $F(6,1240)=3,80$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta7 breytunni. Tukey eftiraprófið sýndi að munurinn lá helst í því að íbúar á Suðurlandi höfðu jákvæðari ímynd af Vesturlandi en íbúar á Vestfjörðum ($p=.008$) og Norðurlandi eystra ($p=.020$). Ekki var marktækur munur á öðrum meðaltölum. Sjá meðaltöl á mynd 108.




Mynd 110: „Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög neikvæð og 10 er mjög jákvæð, hversu jákvæð eða neikvæð er mynd þín af Vesturlandi heilt yfir?“ greint eftir landshluti.

Einnig leiddi t -próf óháðra meðaltala, $t(1249)=-4,35$, $p<.001$, í ljós að marktækur munur var á afstöðu kynjanna. Konur höfðu jákvæðari mynd af Vesturlandi en karlar. Meðaltöl má sjá á mynd 111.



Mynd 111: „Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög neikvæð og 10 er mjög jákvæð, hversu jákvæð eða neikvæð er mynd þín af Vesturlandi heilt yfir?“ greint eftir kyni.


Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1249)=15,30$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að þátttakendur 56 ára og eldri höfðu betri ímynd af Vesturlandi en 18-35 ára ($p<.001$) og 36-55 ára ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á 18-35 ára og 36-55 ára. Sjá meðaltöl á mynd 112.



Mynd 112: „Á skalanum 0 til 10, þar sem 0 er mjög neikvæð og 10 er mjög jákvæð, hversu jákvæð eða neikvæð er ímynd þín af Vesturlandi heilt yfir?“ greint eftir aldri.

Opið samfélag


Þátttakendur voru spurðir eftirfarandi spurningar: „Hvort telur þú Vesturland vera opið eða lokað fyrir íbúum með fjölbreyttan bakgrunn, til dæmis innflytjendum eða hinsegin fólki?“. Svör voru á skalanum 1=mjög lokað, 2=frekar lokað, 3=hvorki né, 4=frekar opið, 5=mjög opið. Flestir þátttakendur svöruðu „hvorki né“ og var meðaltalið 3,44 ($SD=0.80$). Þessi spurning var greind eftir sömu bakgrunnsbreytum og í fyrri greiningum en enginn marktækur munur kom fram.



Mynd 113: „Hvort telur þú Vesturland vera opið eða lokað fyrir íbúum með fjölbreyttan bakgrunn, til dæmis innflytjendum eða hinsegin fólki?“ (N=1265)

Fjölbreytni


Þátttakendur voru spurðir eftirfarandi spurningar: „Ef þú ættir að leggja mat á Vesturland í heild sinni, hvort tengir þú landshlutann frekar við einsleitni eða fjölbreytni?“ Svör voru á skalanum 1=mikla einsleitni, 2=frekar mikla einsleitni, 3=hvorki né, 4=frekar mikinn fjölbreytileika, 5=mjög mikinn fjölbreytileika. Flestir þátttakendur svöruðu „frekar mikinn fjölbreytileika“ og var meðaltalið 3,38 ($SD=0,88$).



Mynd 114: „Ef þú ættir að leggja mat á Vesturland í heild sinni, hvort tengir þú landshlutann frekar við einsleitni eða fjölbreytni?“ (N=1228)


Þessi spurning var greind eftir sömu bakgrunnsbreytum og í fyrri greiningum. Ekki var marktækur munur afstöðu þátttakenda eftir kyni eða fyrri búsetu á Vesturlandi.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1219)=10,02$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta3 breytunni. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu tengdu Vesturland frekar við einsleitni en íbúar Vestfjarða og Norðurlands vestra ($p=.013$) og annarra landshluta ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og annarra landshluta. Sjá meðaltöl á mynd 115.




Mynd 115: „Ef þú ættir að leggja mat á Vesturland í heild sinni, hvort tengir þú landshlutann frekar við einsleitni eða fjölbreytni?“ greint eftir landshluta3.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1219)=10,02$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta7 breytunni. Tukey eftiráprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu tengdu Vesturland frekar við einsleitni en íbúar á Norðurlandi eystra ($p<.001$), Austurlandi ($p=.047$) og Suðurlandi ($p=.003$). Sjá meðaltöl á mynd 116.



Mynd 116: „Ef þú ættir að leggja mat á Vesturland í heild sinni, hvort tengir þú landshlutann frekar við einsleitni eða fjölbreytni?“ greint eftir landshluta7.


Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1222)=50,40$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að í raun var línulegt samband milli aldurs og þess að tengja Vesturland við fjölbreytni. Því eldri sem þátttakendur voru því líklegri voru þeir til að tengja Vesturland við fjölbreytni. Sjá meðaltöl á mynd 117.



Mynd 117: „Ef þú ættir að leggja mat á Vesturland í heild sinni, hvort tengir þú landshlutann frekar við einsleitni eða fjölbreytni?“ greint eftir aldri.


Ungt fólk

Þátttakendur voru spurðir eftirfarandi spurningar: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ Svör voru á skalanum 1=mjög óaðlaðandi, 2=frekar óaðlaðandi, 3=hvorki né, 4=frekar aðlaðandi, 5=mjög aðlaðandi. Flestir þátttakendur svöruðu „frekar aðlaðandi“ og var meðaltalið 3,62 ($SD=0,91$). Sjá dreifingu svara á mynd 118.




Mynd 118: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ (N=1229)

Þessi spurning var greind eftir sömu bakgrunnsbreytum og í fyrri greiningum. Ekki var marktækur munur afstöðu þátttakenda eftir kyni eða fyrri búsetu á Vesturlandi. Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1220)=8,32$, $p<.001$, leiddi í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta3 breytunni. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu töldu Vesturland minna aðlaðandi fyrir ungt fólk en íbúar á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra ($p=.007$) og íbúar annarra landshluta ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og annarra landshluta. Meðaltöl má sjá á mynd 119.




Mynd 119: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ greint eftir landshluta3.

Fervikagreining (ANOVA), $F(6,1216)=4,22$, $p<.001$, leiddi einnig í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir landshluta 7 breytunni. Tukey eftiraprófið leiddi í ljós að munurinn lá í því að íbúar á höfuðborgarsvæðinu töldu Vesturland meira óaðlaðandi fyrir ungt fólk en íbúar á Norðurlandi vestra ($p=.017$), Norðurlandi eystra ($p=.023$) og Suðurlandi ($p<.001$). Ekki var marktækur munur á öðrum meðaltölum. Sjá mynd 120.



Mynd 120: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ greint eftir landshluta 7.

Fervikagreining (ANOVA), $F(2,1224)=73,25$, $p<.001$, leiddi einnig í ljós marktækan mun á afstöðu þátttakenda eftir aldri. Tukey eftiraprófið leiddi í raun í ljós línulegt samband milli aldurs og afstöðu til þess hvort Vesturland sé aðlaðandi fyrir ungt fólk, því eldri sem þátttakendur voru því meira töldu þeir Vesturland vera aðlaðandi fyrir ungt fólk (öll $p<.001$). Sjá mynd 121.



Mynd 121: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ greint eftir aldri.

Samantekt

Í þessum stutta kafla voru reifaðar nokkrar nýjar spurningar um ímynd Vesturlands sem samfélags, ekki bara varðandi ferðamennsku eða búsetu. Hugmyndin með þessum spurningum var að veita víðari sýn á það hvernig íbúar annars staðar á landinu skynja samfélagið á Vesturlandi.

Flestir þátttakendur höfðu heilt yfir jákvæða ímynd af Vesturlandi. Konur höfðu jákvæðari ímynd af Vesturlandi en karlar og eldra fólk frekar en yngra. Ekki var mikill munur á afstöðu þátttakenda eftir búsetu, en þó vísbendingar um að Sunnlendingar hefðu jákvæðari ímynd af Vesturlandi en Vestfirðingar og íbúar á Norðurlandi eystra.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeir teldu Vesturland vera opið eða lokað fyrir íbúum með fjölbreyttan bakgrunn, til dæmis innflytjendum eða hinsegin fólki. Flestir þátttakendur töldu svæðið hvorki opið né lokað eða þá að Vesturland væri frekar opið, en fáir að það væri mjög opið eða mjög lokað. Þátttakendur skynja Vesturland því mitt á milli þess að vera opið eða lokað samfélag, þó aðeins nær því að vera opið. Vinna ætti með þessar niðurstöður með Hinsegin Vesturlandi og fulltrúum innflytjenda.

Þá var sett inn spurning þar sem þátttakendur áttu að gefa til kynna hvort þeir tengdu Vesturland frekar við einsleitni eða fjölbreytileika. Flestir sögðu frekar mikinn fjölbreytileika eða hvorki fjölbreytileika né einsleitni. Hér er átt við fjölbreytileika í víðum skilningi, ekki bara í atvinnulífi eða samfélagi. Niðurstöðurnar eru nokkuð jákvæðar og fleiri tengja Vesturland við fjölbreytileika en einsleitni, en í framtíðar markaðsvinnu mætti mögulega leggja meiri áherslu á fjölbreytileikann sem er fyrir hendi á Vesturlandi. Í gögnunum voru vísbendingar um að íbúar á höfuðborgarsvæðinu teldu Vesturland einsleitara en íbúar annarra landshluta og má hafa það til hliðsjónar.

Að lokum voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á. Langflestir þátttakendur töldu Vesturland vera frekar aðlaðandi fyrir ungt fólk, þó nokkur dreifing hafi líka verið í svörunum. Eldri þátttakendur töldu Vesturland mun meira aðlaðandi fyrir ungt fólk en unga fólkið sjálft í könnuninni, svo þar er gat sem hægt væri að stoppa í.

Hafa ber í huga að erfitt er að draga sterkar ályktanir út frá spurningum í þessum kafla þar sem um er að ræða ný mælitæki og ekki hægt að gera samanburð milli ára eða við aðra landshluta. En þó má líta á niðurstöðurnar sem vísbendingu um að heilt yfir sé ímynd Vesturlands sem samfélags góð þó vinna megi aðeins í ímyndinni að því marki að Vesturland sé opið samfélag þar sem ríki fjölbreytni.

11. Samantekt á helstu niðurstöðum

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hver ímynd Vesturlands og einstaka svæða þess væri í augum íbúa annars staðar á landinu. Áhersla var lögð á að kanna ímynd svæðanna annars vegar sem valkost fyrir búsetu og hins vegar sem ferðamannastað, sem var einnig gert í sambærilegri rannsókn frá 2007, en hér var einnig könnuð ímynd Vesturlands sem samfélags, og er það nýbreytni í markaðsvinnu landshlutans. Hér að neðan verða teknar saman helstu niðurstöður skýrslunnar.

Ímynd Vesturlands sem ferðamannastaðar

Heilt yfir stendur Vesturland sterkt sem ferðamannastaður. Þátttakendur tengdu Vesturland helst við náttúru og náttúruperlur og töldu sig frekar líklega til að skipuleggja frí á Vesturlandi í nálægri framtíð. Borgarfjörður og Snæfellsnes fengu nánast „fullt hús“ í lokuðum spurningum um náttúruperlur, menningu, afþreyingarmöguleika og svo framvegis en þeir sem vinna að atvinnuþróun á þessum svæðum ættu að athuga að þátttakendur töldu síður nægt úrval veitingastaða á svæðunum. Þá kom fram í opnum spurningum að skortur væri á þjónustu og aðstöðu fyrir ferðamenn í báðum tilfellum, ásamt því að slæmir vegir voru þátttakendum ofarlega í huga. Sérstaklega var kvartað undan ástandi tjaldsvæða í Borgarfirði og þjóðveginum um Borgarnes. Um Snæfellsnes var sagt að þar væri of mikill túrismi og gefur það vísbendingar um að mögulega þurfi betri stýringu á fjöldanum hverju sinni.

Akranes og nágrenni býr nú við allt aðra ímynd en var árið 2007. Vísbendingar eru um að Akranes sé nú mun tengdara náttúru og útivist í hugum fólks en var árið 2007, þegar ímyndin tengdist frekar fótbolta, iðnaði og atvinnulífi (t.d. Sementsverksmiðjunni, sjávarútvegi, Grundartangastóriðju o.s.frv.). Í raun má segja að lítið hafi farið fyrir slíkum atvinnulífstengdum þáttum í opnum svörum þátttakenda nú. Ef til vill er breyting á ímynd Akraness enn yfirstandandi, því í lokuðum spurningum skiptust þátttakendur um það bil til helminga í afstöðu sinni til Akraness sem áfangastaðar, þar sem rúmur helmingur sagði að Akranes væri ekki aðlaðandi sem slíkur. Hinsvegar verður að taka tillit til þess hve mikið ímyndin hefur breyst á milli skýrslna. Þeir sem vinna að atvinnuþróun á Akranesi gætu nýtt þessar niðurstöður í frekari ímyndar- og markaðsvinnu en góður jarðvegur virðist vera fyrir frekari markaðssetningu sem byggði á náttúru, böðum, sjósundi og útivist. Akrafjall og Langisandur eru orðin þekktari kennileiti en var.

Í opnum spurningum kom fram að Dalir hafa nokkuð sterka ímynd sem landbúnaðarhérað sem einkennist af náttúrufegurð og sögu. Mjólkurbú, mjólkurvörur og ostar voru einnig nefnd en ef til vill er enn svigrúm fyrir Dalina að markaðssetja sig enn frekar sem matvælahérað og byggja þá markaðssetningu á tengingunni við mjólkurafurðir. Hinsvegar kom fram að þjónusta við ferðamenn væri ekki fullnægjandi og að svæðið væri dauflegt og vantaði kynningu. Það síðasta rímar ágætlega við það mynstur sem sást í gögnunum að þátttakendur svöruðu síður spurningum um Dali, sem bendir til þess að þeir hafi ekki þekkt til. Í lokuðum spurningum um Dali sást þó að þeir sem þekktu til Dala höfðu frekar jákvæða ímynd af þeim sem ferðamannastað, fyrir utan afþreyingarmöguleika og úrval veitingastaða. Þeir sem vinna að atvinnuþróun í Dölum ættu að nýta sér þá staðreynd að þátttakendur sem þekktu til svæðisins höfðu jákvæða ímynd af Dölum sem ferðamannastað og einhenda sér í að kynna svæðið betur fyrir þeim sem ekki þekkja til. Næstu skref í sambærilegum rannsóknum gætu verið að kortleggja betur hvaða samfélagshópar þekkja ekki til Dala.

Ímynd Vesturlands sem búsetuvalkosti

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir gætu hugsað sér búsetu á svæðum innan Vesturlands og kom Borgarfjörður þar bestur út en Dalir sístir. Athygli vekur að meira en helmingur þátttakenda sagði það koma til álita fyrir sig að flytja í Borgarfjörð (þ.e. frekar eða mjög sammála), um 40% sögðu Akranes og Snæfellsnes koma til greina og um fjórðungur sagði Dali koma til greina. Hvað sem líður samanburði milli svæða eru niðurstöðurnar mjög jákvæðar, sé það markmið sveitarfélaga á Vesturlandi að laða að fleiri íbúa. Einnig ber að taka mið af niðurstöðum úr skýrslunni frá 2007, en öll svæðin á Vesturlandi virðast nú vera mun álitlegri búsetukostir en var. Setja ber þann fyrirvara að almennt viðhorf til búsetu úti á landi hefur breyst og það gæti því einnig gilt um aðra landshluta, en engu að síður ættu sveitarfélög í landshlutanum að íhuga hvernig nýta megi þessa auknu jákvæðni í garð búsetu í landshlutanum. Þegar bakgrunnsbreytur voru greindar kom ekki fram afgerandi mynd á það *hvaðan* væntanlegir áhugasamir íbúar eru (þ.e. það var ekki afgerandi út frá einstaka landshlutum). Hinsvegar voru konur almennt jákvæðari í garð búsetu á Vesturlandi, en einnig fólk sem hefur áður búið á Vesturlandi (og er því mögulega áhugasamt um að koma heim) og elsti aldurshópurinn. Taka verður afstöðu til þess hvort nýta eigi jákvæðni elsta aldurshópsins og hvetja fólk á þeim aldri til að flytja á Vesturland eða vinna í því að bæta ímynd landshlutans í augum yngsta aldurshópsins.

Bætt var við þremur spurningum (miðað við skýrsluna 2007) um ímynd svæðanna sem búsetuvalkosti. Spurt var út í ásýnd svæða, loft- og hávaðamengun og hvort svæðið væri gott til að ala upp börn. Borgarfjörður, Snæfellsnes og Dalir komu vel út í öllum þessum þáttum. Akranes var álitíð góður staður til að ala upp börn en sveitarfélagið ætti að íhuga af hverju nokkuð var um þau svör að ásýnd svæðisins væri ekki góð og að þar væri mengun.

Ímynd Vesturlands sem samfélags

Sú nýbreytni var viðhöfð í þessari rannsókn að bætt var við nokkrum spurningum til að mæla ímynd Vesturlands sem samfélags. Aðspurðir sögðust langflestir þátttakendur hafa nokkuð jákvæða ímynd af Vesturlandi heilt yfir. Þegar spurt var hvort þátttakendur skynjuðu Vesturland sem opið eða lokað samfélag gagnvart hinsegin fólki og innflytjendum var svar flestra „hvorki né“, en meðaltalið benti þó til þess að afstaðan væri örlítið nær því að samfélagið væri opið. Þá voru þátttakendur beðnir að leggja mat á það hvort þeir tengdu Vesturland frekar við fjölbreytni eða einsleitni og voru niðurstöðurnar jákvæðar að því leyti að fleiri tengdu svæðið við fjölbreytni. Að lokum voru langflestir þátttakendur á því að Vesturland væri aðlaðandi fyrir ungt fólk til að setjast að á, þó þau áhrif hafi að mestu verið keyrð áfram af jákvæðri afstöðu elsta aldurshópsins á meðan yngri þátttakendur voru ekki eins sammála því sjálfir. Áður en miklar ályktanir eru dregnar af þessum svörum þyrfti að fara fram meiri rannsóknarvinna en þó er óhætt að fullyrða að ímynd Vesturlands sem samfélags sé heilt yfir jákvæð.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY